



SKOÐUN Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, skrifar um Grikkland. **22**



MENNING Þórdís Erla feegrar plan í Kópavogi fríhendis. **28**



LÍFID Roger Taylor, trommuleikari Queen, tjáir sig um tónlistina. **46**



SPORT Bestu kylfingar landsins hituðu upp fyrir Íslandsmótið við bryggju. **2**

54
FYRIR
AF ÖLLUM PIZZUM

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
23. júlí 2015
171. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Skildu Ísland útundan

Fimm ríki gerðu með sér samning um veiðar á norðurheimskautinu án aðkomu Íslands. Að sögn bandaríska utanríkisráðuneytisins eiga aðeins ríki með efnahagslögsögu að pólnum aðild að samningum. **8**



Með sjaldgæft heilkenni Feðgarnir Hlynur Gestsson og Gestur Hreinsson ætla að ýta Sindra Pálssyni, sex ára frænda sínum, tíu kílómetra í Reykjavíkumaraþoninu til styrktar blindum börnum. Sindri er með svokallað Warburg-heilkenni. **2**

Leita að gulli í Hveragerði Iceland Resources hefur sótt um leyfi til að leita að gulli á átta stöðum á Íslandi. Kanadískt námufyrirtæki fjármagnar leitina. Óljóst hvort það er í vinnulegu magni. **10**

Nýtt lán Gríska þingið greiddi atkvæði í gærkvöldi um lög sem tryggja ríkissjóði Grikkja aðgang að frekari lánnum. **12**



SÉRBLAÐ FólK



ÚRVALAF
VÖRUM FRÁ
IITTALA

HÚSGAGNAHÖLLIN



VERSLUNARMANNAHELGARTAPPINN Unnið er að undirgöngum við Aðaltún í Mosfellsbæ og eru framkvæmdir nýlega hafnar. Áætlað er að verkinu ljúki í nóvember. Um aðra helgi er mesta ferðamannahelgi sumarsins en G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segist ekki hafa áhyggjur af því að þarna muni skapast vandi. „Oft er hægt umferð út úr bænum þannig að það er ekki víst að það tefji meira en ella,“ segir hann.

Segir reynt að bola Kú burt

Hagfræðiprófessor segir að verðlagsnefnd búvöru rukki samkeppnisaðila Mjólkursamsölunnar um of fyrir mjólk til að knésetja þá. Forstjóri MS segir að án aðkomu hins opinbera lognist landbúnaður hér á landi út af.

VIÐSKIPTI „Þeir búa til kerfi sem er greinilega til þess ætlað að knýja þá á kné sem eru í samkeppni við MS.“ Þetta segir Þórólfur Matthíasson, hagfræðiprófessor við Háskóla Íslands. Ástæðan er ákvörðun verðlagsnefndar búvara um að heildsöluverð gerilsneyddrar mjólkur í lausu máli, sem er ekki innþökkuð, verði 105 krónur en mjólk í fernu kosti 121 krónu. Í grein í Fréttablaðinu í dag fullyrðir Þórólfur að mismunurinn dugi ekki fyrir inn-

þökkunarkostnaði og því sé verið að ofrukka samkeppnisaðila MS, sem þurfa að eiga í viðskiptum við stórfyrirtækið. „Þetta er opinber nefnd sem setur verðlag og þarna er hún að gera það skakkt. Þetta er bara til þess að þrýsta Ólafi út af markaðnum,“ segir Þórólfur og á þar við Ólaf M. Magnússon, framkvæmdastjóra mjólkurbúsins Kú. Kú hefur kært verðlagshækkun nefndarinnar og segir að með ákvörðuninni sé verðlagsnefnd

búvara að leggja á 17,44 prósentu samkeppnisskatt sem renni til MS. Hækkun á mjólkurafurðum um 3,58 prósent og á smjöri um 11,6 prósent hefur verið gagnrýnd síðan ákvörðunin var tekin þann 17. júlí síðastliðinn. Í gær sendu Samtök verslunar og þjónustu frá sér ályktun gegn hækkuninni. Ari Edwald er varaformaður samtakanna en jafnframt forstjóri Mjólkursamsölunnar. Hann segist ósammála ályktun samtakanna og hafa sjálfur verið í minnihluta

við atkvæðagreiðslu um hana. „Ég held að þessi umræða sem er búin að vera um landbúnaðarmál og mjólkurframleiðsluna síðustu daga sé ákaflega yfirborðskenn.“ Hann segir að þeir sem gagnrýni hækkunina vilji mjólk á almennan samkeppnismarkað. „Aðalatriðið er að ef menn ætla ekki að hafa opinbera íhlutun um verðlagningu, hvað ætti þá að taka við? Það er alveg ljóst að við þær aðstæður væri ekki landbúnaður á Íslandi eins og við þekkjum hann.“ - snæ

Erlendir sérfræðingar hafa nú skilað niðurstöðum sínum um andlát fanga á Litla-Hrauni:

Finnst sárt að hafa ákærana yfir sér

DÓMSMÁL „Þrátt fyrir skýrslur erlendu sérfræðinganna virðist sem saksóknari ætli að halda áfram með málið, sem er hrikalegt,“ segir Annþór Kristján Karlsson sem ákærður var ásamt Berki Birgissyni fyrir að hafa beitt fanga á Litla-Hrauni ofbeldi árið 2012 sem leiddi til dauða hans. Bæði Annþór og Börkur hafa ávallt neitað sök. Nú þegar rúm þrjú ár eru frá andláti fangans hafa allir þeir erlendu sérfræðingar, sem fengnir voru til að meta skýrslur um andlát fangans að ósk verjenda Annþórs og Barkar, skilað niðurstöðum sínum. „Það er ekkert eðlilegt við það að rannsóknin sé búin að taka svona langan

tíma. Okkur hefur þótt rosalega sárt að hafa yfir okkur ákæru fyrir að hafa myrt vin okkar sem við gerðum bara alls, alls ekki.“ Annþór segir allar skýrslur erlendu sérfræðinganna vera á skjön við það sem þeir félagar eru ákærðir fyrir. Hann spyr hvers vegna saksóknari sjái ekki sóma sinn í að fella niður ákærana. Annþór og Börkur voru báðir vistaðir á öryggisgangi á Litla-Hrauni í eitt og hálf ár vegna málsins. Hólmgeir Elías Flosason, verjandi Annþórs, segir að niðurstöður erlendu sérfræðinganna séu allar algjörlega öndverðar

Okkur hefur þótt rosalega sárt að hafa yfir okkur ákæru fyrir að hafa myrt vin okkar sem við gerðum bara alls alls ekki.

niðurstöðum íslensku sérfræðinganna. Hann vildi ekki svara því hvort hann teldi líklegt að saksóknari myndi falla frá ákærunni. - ngy

ÞJÓÐHÁTIÐ 2015

KOMDU OG UPPLIFDU ÞJÓÐHÁTIÐ

MÍÐASALA Á DALURINN.IS
#DALURINN

TUBORG, Pils, olis, FROST

VEÐUR



Norðlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s í dag, fimmtudag. Eitthvað sést til sólar á Suður- og Suðvesturlandi, en víða skúrir á þeim slóðum síðdegis. Skýjað í öðrum landshlutum og áfram dálftil rigning norðaustan- og austanlands. Hiti 6 til 16 stig, hlýjast sunnan til.

SJÁ SÍÐU 26

Vinnueftirlitið er farið af stað með átak til að koma í veg fyrir ólöglega yfirvinnu í ferðapjónustu: Barist gegn brotum á reglum um vinnutíma

ATVINNUMÁL Vinnueftirlitið er farið af stað með átak til að reyna að tryggja að reglur um vinnutíma starfsfólks í ferðapjónustu séu virtar.

Sigfús Sigurðsson, fagstjóri í þróunar- og eftirlitsdeildar hjá Vinnueftirlitinu, segir vísbendingar um að starfsfólk innan ferðapjónustunnar sé látið vinna lengur en reglur heimila. „Þegar mesta álagið hefur verið hefur komið í ljós að starfsmenn vinna ansi langan vinnudag. Vinnueftir-

litið hefur fengið ábendingar frá starfsmönnum um að þeir séu látnir vinna of lengi,“ segir Sigfús.

Stofnunin hyggst á næstu vikum kalla eftir upplýsingum um vinnutíma frá völdum fyrir-tækjum í ferðapjónustu. „Ef einhverjar ábendingar koma mun því verða sinnt sérstaklega,“ bætir Sigfús við.

Vinnueftirlitið hefur þegar sent dreifibréf til aðila í ferðapjónustunni þar sem bent er á að

starfsmenn skuli fá að minnsta kosti ellefu klukkustunda samfellda hvíld á sólarhring. Starfsmenn eigi jafnframt rétt á að minnsta kosti einum frídegi í viku. Vinnutími með yfirvinnu skuli ekki fara yfir 48 klukkustundir á viku að jafnaði á fjögurra mánaða tímabili.

Þá er einnig bent á að einstaklingar undir átján ára megi ekki vinna ákveðin störf nema gert hafi verið sérstakt áhættumat.

- ih



FERÐAMENN Vinnueftirlitið hefur grun um að starfsfólk í ferðapjónustu vinni of mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Einn af 40 sem ber Warburg-heilkennið

Feðgarnir Hlynur Gestsson og Gestur Hreinsson ætla að ýta Sindra Pálssyni, sex ára frænda sínum, tíu kílómetra í Reykjavíkumaraþoninu til styrktar blindum börnum. Sindri er sá eini sem vitað er um að sé með afbrigði afar sjaldgæfs heilkennis.

SAMFÉLAGSMÁL Feðgarnir Hlynur Gestsson, ellefu ára, og Gestur Hreinsson ætla að hlaupa tíu kílómetra með Sindra Pálsson, sex ára frænda sinn, sem bundinn er hjóla-stól vegna afar sjaldgæfs heilkennis.

Hlaupið fara frændurnir til styrktar sjóðnum Blind börn á Íslandi. Þá ætlar Þórsteinn Sigurðsson, bróðir Hlyns, að hlaupa hálf maraþon til styrktar Einstökum börnum, sem Sindri er meðlimur í.

Sindri er einn af tæplega fjóru-tíu einstaklingum í heiminum sem greindir eru með Warburg-micro-heilkennið (WMS). Hann er sá eini sem fjölskyldan veit um að sé með gerð tvö af heilkenninu en gerðirnar eru alls þrjár. Þá er Sindri einnig með dæmigerða einhverfu.

Heilkennið hefur áhrif á þroska miðtaugakerfisins sem hefur í för með sér þroskahömlun, mikla sjónskerðingu og lága vöðvaspennu sem veldur því að Sindri getur ekki gengið.

Með árunum aukast einkennin. „Fætturnir stífna meira og meira með árunum þannig að við teygjum tvisvar á dag á fótunum, svo fer hann í standspélku. Svo fær hann í bótoxsprautur í fætturna tvisvar á ári og fer í gifs í kjölfarið í tvær vikur,“ segir Guðný Þórsteinsdóttir, móðir Sindra.

Á næstu árum gæti Sindri einnig þurft að fara í mjaðmaaðgerð þar sem börn með WMS á þeim aldri fara auðveldlega úr lið.

Guðný lýsir syni sínum sem ákveðnum ungum manni. „Hann er svo rosalega vinnusamur. Hann elskar að fara í sund og í göngutúra. Þeir sem kynnast honum segja að



SJALDGÆFT HEILKENNI Líkurnar á að greinast með Warburg-micro-heilkennið eru sagðar einn á móti 230 milljónum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

allir að hann sé ótrúlega æðrulaus,“ segir Guðný.

Undir þetta tekur Páll Guðbrandsson, faðir Sindra.

„Það sem hefur komið manni mest á óvart er, eftir allar þessar sjúkrahúsheimsóknir, sprautur, gifs, skanna, augndropa í tvö ár og linsur, hvað hann er ótrúlega þolinmóður. Það fær ekkert á hann. Hann er algjör hetja. Það er búið að leggja töluvert meira á hann en flest börn en hann bara bitur á jaxlinn,“ segir Páll.

Langan tíma tók að finna greiningu fyrir Sindra. „Það er ekki nema svona ár síðan,“ segir Páll.

Þangað til voru fjölmargar rannsóknir gerðar á Sindra og sýni send til greiningar í fjölmörgum löndum.

„Við erum með frábæra lækna sem gáfust ekki upp. Það er bara þrautseigja í þeim. Það eru mörg



FRÆNDUR Hlynur og pabbi hans, Gestur, ætla að skiptast á að ýta Sindra tíu kílómetra í Reykjavíkumaraþoninu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

börn hjá Einstökum börnum sem hafa enga greiningu,“ segir Páll en hjónin eru afar þakklát íslensku heilbrigðisstarfsfólki.

„Það er svo frábært fólk á spítölunum,“ segir Guðný.

ingvar@frettabladid.is



RÚTA Rútubíljstjóri í Nairóbí skreytti rútu sína meðal annars með myndum af forseta Bandaríkjanna. NODICPHOTOS/AFP

Forseti Bandaríkjanna hyggur á ferðalag til ættlandsins: Tekið vel á móti Obama í Kenía

KENÍA Solomon Murimia, rútbíljstjóri í Nairóbí í Kenía, hefur skreytt rútu sína með teikningu af Barack Obama, forseta Bandaríkjanna, Abraham Lincoln, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna og Marthin Luther King, baráttumanni og leiðtoga afrískættaðra Bandaríkjamaða.

Þetta gerði Murimia í tilefni þess að Obama hyggur á ferðalag til Kenía síðar í þessum mánuði.

Verður þetta í fyrsta skipti sem Obama heimsækir ættland sitt, en faðir hans er fæddur og uppalinn þar en bjó í Bandaríkjunum á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar.

- ngy

Skáld af ólíkum uppruna:

Nýr grasrótahópur skálda

SAMFÉLAG Hópur kvenna hefur nú stofnað nýtt samfélag rithöfunda í Reykjavík. Það hefur fengið nafnið Ós.

Markmið þessa grasrótahópurar er að skapa vettvang fyrir rithöfunda og skálda á Íslandi með ólíkan bakgrunn hvað varðar upprunaland og tungumál. Ós stefnir að því að koma þessum höfundum á framfæri, bæði á prenti og með viðburðum.

Í hópnum eru nú nokkrar konur af íslenskum og erlendum uppruna.

- ngy

Orkuveitan í framkvæmdum:

100 milljónir í endurnýjun æða

ORKUMÁL Um 100 milljónum króna er varið nú í ár í endurnýjun Reykjaæða, sem flytja um 30 milljónir tonna af heitu vatni til höfuðborgarsvæðisins á ári. Alls mun endurnýjunin kosta um einn milljarð króna. Orkuveitan greinir frá.

Nú er verið að endurnýja á kafla frá Elliðaám undir Breiðholtsbraut. Þar sem æðarnar liggja í stökk undir götunni þarf ekki að grafa í gegnum þessa miklu umferðaræð. Æðarnar liggja líka í stökkum yfir Elliðaárnar og er sú leið hluti af mikið notuðu göngu- stígakervi dalsins.

- fbj

Tekjur vegna ferðamanna á skemmtiferðaskipum skipta milljörðum:

105 þúsund komu með skipi

VIÐSKIPTI Tekjur vegna erlendra ferðamanna sem koma með skemmtiferðaskipum til Reykjavíkur eru miklar og aukast sífellt, en gera þarf betur til að fá fólk frá borði og til að kaupa vörur og þjónustu í borginni. Þetta segir Katrín Sif Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Atlantik og umboðsmaður skemmtiferðaskipa hér á landi.

Ætlað er að hver ferðamaður eyði að minnsta kosti tólf þúsund krónum í borginni samkvæmt upplýsingum Faxaflóahafna. Tæplega 105 þúsund ferðamenn komu í fyrra með skemmtiferðaskipi til Reykjavíkur og eyddu því tæplega 1,3 milljörðum króna.

„Flestir fara í rútuferðir en svo eru alltaf fleiri og fleiri sem kaupa sér dýrari skoðunarferðir, eins og útsýnisflug og jafnvel þyrflug og aðra nýja afþreyingu,“ sagði Katrín í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Tekjur vegna komu skipanna verða til á mörgum stöðum, eins og vegna eldsneytiskaupa, og kostur er keyptur hjá heildsölum í borginni. Samkvæmt könnun Sjávarklasans haustið 2012 er áætlaður matarkostnaður skemmtiferðaskipa hátt í þrjú milljarðar á öllu landinu.

- lb



CELEBRITY ECLIPSE Mikill fjöldi þeirra skemmtiferðaskipa sem koma til landsins leggast að bruggju í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VIKINGASUSHI
ÆVINTÝRASIGLING
Upplifðu gersemar Breiðafjarðar

FERJAN BALDUR
Bein leið til Vestfjarða

FLATEY
Eyjan þar sem timinn stendur kyrr

Sæferðir
www.saeferdir.is
sími 433 2254



RÝMINGAR- SALA

Á SUMARVÖRUM

Stendur nú sem hæst



RÝMINGARSALA & ÚTSALA

Allt að 50% afsláttur

GARÐHÚSGÖGN **30-40%**, SUMARBLÓM **20%**, GARÐLEIKFÖNG **30-40%**,
RAFMAGNS- OG BENSÍNORF **20%**, REIÐHJÓL **20-30%**, TRAMPÓLÍN **20%**,
TRÉ OG RUNNAR **50%**, RAFMAGNSSLÁTTUVÉLAR **25%**, GASGRILL **20%**,
ÚTIPOTTAR **30%**, GOSBRUNNAR **30%**, FRÆ **50%**, GARÐSTYTTUR **30%**,
REIÐHJÓLAFYLGIGHLUTIR **30%**, GRILLÁHÖLD **30%**, BÚSÁHÖLD **25%**,
CLABER GARÐVÖRUR **40%**, KEÐJUSAGIR **20%**, HEKKKLIPPUR **30%**,
MATJURTIR **50%** OG ÓTAL MARGT FLEIRA.



Með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“, tilboðsvörum og Weber grillum.

525 3000 • husa.is

SPURNING DAGSINS



Finnur, eru stjórnvöld ekki að haga sér?

Nei, það væri bónus ef þau gerðu það

Finnur Árnason, forstjóri Haga sem reka matvöruverslunina Bónus, gagnrýnir verðhækkunarir á mjólk harðlega í blaði gærdagsins.

Hillary Clinton og aðrir demókratar mælast með minna fylgi en andstæðingar þeirra í skoðanakönnun: Repúblikanar leiða í þremur lykilfylkjum

BANDARÍKIN Hillary Clinton, fyrrverandi utanríkisráðherra, og Bernie Sanders, öldungadeildarþingmaður, sem sækjast eftir útnefningu flokks demókrata til forsetaframbóðs í Bandaríkjunum, mælast með minna fylgi en andstæðingar þeirra í þremur lykilfylkjum í nýrri könnun Quinnipiac-háskólans, sem kannar reglulega stöðuna í stjórnmálum vestanhafs.

Þeir frambjóðendur repúblikana sem háskólanum þykir líklegastir til sigurs, Jeb Bush, fyrrverandi ríkis-

stjóri Flórída, Scott Walker, ríkisstjóri Wisconsin, og öldungadeildarþingmaðurinn Marco Rubio, mælast með meira fylgi en Clinton og Sanders í Virginíu, Colorado og Iowa.

Í Bandaríkjunum er kosið í fylkjum fimmtíu hverju í sínu lagi. Kjósundur kjósa sinn fulltrúa og eru í hverju fylki sérstakir kjórmenn, mismargir eftir fylkjum, sem kjósa svo allir einn frambjóðanda eftir því hvor fékk fleiri atkvæði í fylkinu. Í ákveðnum fylkjum er nær alltaf kosinn sami flokkurinn þannig að

harðast er barist um þau þar sem litlu munar, til dæmis í Virginíu, Colorado og Iowa.

270 kjórmenn þarf til að vinna en alls eru þeir 538. Níu eru í Colorado, sex í Iowa og þrettán í Virginíu. Barack Obama, sitjandi forseti, vann í öllum fylkjum þremur í síðustu kosningum.

TÆPT Hillary Clinton, líklegasti forsetaframbjóðandi demókrata, mælist með minna fylgi en repúblikanar í þremur lykilfylkjum.

NORDICPHOTOS/AFP



MANNLÍF Hvort sem fólk finnur fyrir því á eigin boddum eða ekki segir Hagstofan að síðustu tólf mánuði hafi kaupmáttur hækkað um 5,5 prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ný mæling kaupmáttar:

Kaupmáttur eykst um 5,5%

HAGSTOFAN Síðastliðna tólf mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,1 prósent. Frá þessu greinir Hagstofa Íslands. Launavísitala í júní var 517,1 stig og hækkaði um 2,3 prósent frá fyrri mánuði.

Síðustu tólf mánuði hefur kaupmáttur launa hækkað um 5,5 prósent. Á vef Hagstofunnar segir að í vísitölunni gæti áhrifa nýgerðra kjarasamninga á almennum vinnumarkaði sem voru undirritaðir í maí síðastliðnum. Þar var kveðið á um hækkun kaupmáttar.

-ngy

Nýtt skip kemur fyrr árslok:

Styttist í Víking

SAMFÉLAG Stefnt er sjósetningu skipsins Víking AK, sem HB Grandi lét smíða fyrir sig, í byrjun næsta mánaðar og ef allt gengur að óskum verður skipið komið hingað til lands í desembermánuði. Þetta kemur fram í tilkynningu frá HB Grandi.

Víkingur er annað uppsjávarveidiskipið sem HB Grandi lætur smíða í Celiktrans Deniz Insaat Ltd. skipasmíðastöðinni í Tyrklandi en fyrra skipið, Venus NS, kom til landsins í maímánuði.

-ngy

Annþór segir ekkert eðlilegt við þriggja ára rannsókn

Erlendu sérfræðingarnir sem fengnir voru til að meta skýrslur um andlát fanga á Litla-Hrauni hafa allir skilað niðurstöðum sínum. Niðurstöðurnar eru öndverðar niðurstöðum úr fyrri skýrslunum. Annþór harmar ákærana.

DÓMSMÁL „Þrátt fyrir skýrslur erlendu sérfræðinganna virðist sem saksóknari ætli að halda áfram með málið, sem er hrikalegt,“ segir Annþór Kristján Karlsson sem ákærður var ásamt Berki Birgissyni fyrir að hafa beitt fanga á Litla-Hrauni ofbeldi árið 2012 sem leiddi til dauða hans. Bæði Annþór og Borkur hafa ávallt neitað sök.

Nú þegar rúm þrjú ár eru frá andláti fangans hafa allir þeir erlendu sérfræðingar sem fengnir voru til að meta skýrslur um andlát fangans, að ósk verjenda Annþórs og Barkar, skilað niðurstöðum sínum. „Það er ekkert eðlilegt við það að rannsóknin sé búin að taka svona langan tíma. Okkur hefur þótt rosalega sárt að hafa yfir okkur ákæru fyrir að hafa myrt vin okkar sem við gerðum bara alls, alls ekki.“

Einn af íslensku sérfræðingunum komst að þeirri niðurstöðu að áverka hins látna mætti rekja til þungs höggs. „Hún sagði að þetta væri líka verið eftir fall á einhvern hlut eða fall á gólf eða þrýstiáverki,“ segir Annþór.

Niðurstaða Sidsel Rogde, prófessors í réttarmeinafræði við Háskólann í Ósló, var sú að ólíklegt væri að áverkar þeir sem leiddu til dauða fangans, sem voru rifa á milta, væru tilkominir eftir högg eða spark, þótt það væri ekki algjörlega útilokað. „Það er ekki heldur hægt að útiloka að geimverur hafi gert þetta,“ segir Annþór og bætir við að engir sjáanlegir áverkar hafi verið á hinum látna.

Rogde sagði einnig að áverkarnir gætu vel hafa verið tilkominir við endurlifgunartilraunir, sem framkvæmdar voru bæði af fangavörðum og sjúkraflytingamönnum.

Þá komust tveir íslenskir prófessorar að þeirri niðurstöðu að ljóst væri af upptökum úr öryggismyndavélum á Litla-Hrauni að hinum látna hefði staðið ógn af Annþóri og Berki. Hinn látni hefði verið hræddur við þá. „Þetta atferlismat hjá þeim er alveg furðulegt. Hann talar um það hvernig við vorum með krosslagðar hendur þegar við ræddum við hann. Við Borkur töluðum við fangaprest-



ÁKÆRDI „Öll rannsóknin er búin að ganga út á að sanna sekt okkar. Það á að rannsaka jafnt til sektar eða sýknu,“ segir Annþór Kristján Karlsson.

→ Erlendu sérfræðingarnir allir sammála



Hólmgeir Elías Flosason, verjandi Annþórs, segir að niðurstöður erlendu sérfræðinganna séu allar algjörlega öndverðar niðurstöðu íslensku sérfræðinganna. „Erlendu sérfræðingarnir eru allir sammála innbyrðis. Þessi staða er stórmerkileg. Fimm erlendis sérfræðingar, hver í sínu fagi, komast ekki að sömu niðurstöðu og þeir íslensku,“ segir Hólmgeir og bætir við að í yfirmati sálfræðinganna birtist áfelligsdómur um verklag íslensku sálfræðinganna.

Hólmgeir vildi ekki svara því hvort hann teldi líklegt að saksóknari myndi falla frá ákærinni.

inn um daginn og hann var með krosslagðar hendur, ekki stóð okkur ógn af honum,“ segir Annþór.

David J. Cooke, prófessor í klínískri réttarsálfræði, gagnrýndi niðurstöðu íslensku prófessoranna og komst að þeirri niðurstöðu að aðferðafræði þeirra uppfyllti ekki þær kröfur sem almennt eru gerðar í réttarsálfræði.

Jim Aage Nøttestad, prófessor í klínískri réttarsálfræði, var sá sem skilaði síðustu skýrslunni. Hann telur að það sé ógerlegt að sjá á upptökunni að hinum látna hafi staðið

ógn af Annþóri og Berki. „Þær eru óskýrar. Það er ekki hægt að draga neina ályktun af hegðun fanganna án þess að sjá svipbrigði þeirra,“ segir hann.

„Allar skýrslurnar eru á skjön við það sem er verið að ákæra okkur fyrir. Það er alveg ótrúlegt að saksóknari sjái ekki söma sinn í því að fella niður ákærana,“ segir Annþór og bætir við að hann hafi ekki komist í opið úrræði og verið vistaður á öryggisgangi í eitt og hálf ár vegna málsins.

nadine@frettabladid.is

40% afsláttur
Sumartilboð

Tilboðsverð
47.997 kr.
Verð áður 79.995

Wheeler Protron 700
21 gira - álstell - dömu og herra

EVEREST
Skeifunni 6 - Sími 533 4450 - www.everest.is
PERSONULEG ÞJÓNUSTA. FAGLEG RAÐGJAF

WHEELER WORLDWIDE

Viðgerðarþjónusta á staðnum

Rannsakandi fann elsta eintak af Kóraninum sem vitað er af í heiminum: Óvæntur fundur á bókasafninu

BRETLAND Það sem er talið vera elsta útgáfa af Kóraninum sem vitað er af fannst óvænt á háskólabókasafninu í Birmingham.

Rannsakandinn Alba Fedeli rakst á síður úr Kóraninum fyrir slysi á bókasafninu og lét kolefnisgreina þær. Í ljós kom að síðurnar eru minnst 1.370 ára gamlar. Síðurnar voru faldar á meðal handrita frá miðöldum en talið er að þær hafi legið á bókasafninu í rúma öld.

Kolefnisgreining bendir til þess að síðurnar séu frá árunum rétt eftir dauða Múhameðs spámans en spádómar hans eru megininnihaldið í texta Kóransins. Múslimar trúa því að textinn í Kóraninum sé boðskapur engilsins Gabriels sem birtist Múhameð yfir 22 ára tímabil frá árinu 610.

Muhammad Afzal, sérfræðingur



EVAFORN TEXTI Síðurnar eru taldar vera um 1.370 ára gamlar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

ur bókasafnsins í fornum handritum, segir að fundurinn sé stórmerkilegur og ætti að vekja upp fögnuð meðal múslima. Hann segir að á þeim tíma sem hand-

ritið var skrifað hafi samfélög múslima verið afar fátæk og ekki haft burði til að fjölrita handrit af þessum toga. Því sé þetta eintak einstakt.

-sfs



Kynntu þér Ford Ka



Lægsta verðið á Íslandi

> **Ford Ka frá 1.695.000 kr.**

Kynntu þér þennan ferska, flinka, flotta og ferlega skynsama smábíl. Þú færð ekki nýjan bíl á lægra verði. Veldu sparneytinn borgarbíl og lækkaðu rekstrarkostnaðinn. Ford Ka er líka þekktur fyrir afburða aksturseiginleika, gott notagildi og litríkan persónuleika.

Komdu og prófaðu



ford.is

20 ára afmæli
Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17.
Opíð á laugardögum frá og með 8. ágúst.

VEISTU SVARID?



1. Hve marga byggingarkrana taldi Fréttablaðið á höfuðborgarsvæðinu í fyrradag?
2. Hvað hafa margir flóttamenn komið til Evrópu það sem af er ári?
3. Hví eru þýskir jafnaðarmenn ósáttir í ríkisstjórn?

SVÖR
málaráðgjafi til Grikklandsins
- 1. 161 2. 153 þúsund 3. Vegna ástíðna

Virkja þarf um 140 MW á næstu tíu árum til að mæta orkuþörf annarra en stóriðju að sögn Landsnets: Líkur á orkuskortri eftir tvö ár að óbreyttu

ORKUMÁL Landsnet telur líkur á aflsskortri í íslenska raforkukerfinu eftir tvö ár ef raforkukerfið verður óbreytt.

Miðað við raforkuspá er talið að virkja þurfi 140 MW til viðbótar á næsta áratug svo anna megi aukinni orkuþörf almennings og fyrirtækja.

„Til að bregðast við þessu dugar þó ekki einungis að auka framleiðsluna heldur þarf einnig að styrkja flutningskerfið svo hægt sé að flytja raforkuna frá fram-

leiðanda til notanda,“ segir í tilkynningu frá Landsneti.

Aflsskorturinn sem líkur eru talðar á að verði miðar við að raforkukerfið annað tóppum í álagi klukkustund á ári.

Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri þróunar og tæknisviðs Landsnets, segir að ef af aflsskortri verði þurfi að skerða notkun einhverra notenda. Fyrst verði farið í að draga úr orku til svokallaðra skerðanlegra notenda sem megi betur við skerðingum.

En auðvitað er hættan alltaf sú að það geti bitnað á þeim sem eru ekki skerðanlegir,“ segir Sverrir.

Landsnet telur aukna hættu á aflsskortri stafa af samspili aflþarfar raforkunotenda og bilunar vinnslueininga eða annars búnaðar í aflstöð. „Aflþörf er breytileg og að vissu leyti ófyrirsjáanleg,“ segir í tilkynningunni.

Orka vegna stóriðju er ekki með í útreikningunum þar sem hún fær orku afhenta beint frá flutningskerfi Landsnets.



RAFMAGN Landsnet segir að virkja þurfi meira til að draga úr líkum á orkuskortri.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Loftárásir í Sýrlandi í gær: Mun trufla starf al-Kaída

SÝRLAND Kúveittinn Muhsin al-Fadhli, sem var einn af höfuðpaorum hryðjuverka-samtakanna al-Kaída, féll í loftárásum Bandaríkjamanna í Sýrlandi í gær. Frá því greindi varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna.



MUHSIN AL-FADHLI

Al-Fadhli stýrði hóp al-Kaída-liða sem unnu að árásum á Vesturlönd. Hann var í náðinni hjá Osama bin Laden meðan hann lifði og er sagður hafa verið einn fárra sem fengu að vita að ráðist yrði á Tvíburarnana 11. september 2001.

„Andlát hans mun trufla starfsemi al-Kaída gegn Bandaríkjunum og bandamönnum okkar,“ sagði Jeff Davis, talsmaður ráðuneytisins.

Yndisauki innkallar vörur: Ófullnægjandi upplýsingar

NEYTENDUR Fyrirtækið Yndisauki ehf. hefur ákveðið að innkalla vöruna Indverskt Dukkah þar sem á umbúðum kemur aðeins fram að varan innihaldi salthnetur en ekki jarðhnetur. Jarðhnetur eru þekktur ofnæmis- og óþolsvaldur.

Indverskt Dukkah frá Yndisauka hefur verið í sölu í Melabúðinni, Fjarðarkaupum, Mosfellsbakarí og Háholti, Heilsuhúsinu, Hagkaupsverslunum og Bakaríinu við brúna Akureyri. Í tilkynningu er tekið fram að varan er skaðlaus öðrum en þeim sem hafa ofnæmi fyrir jarðhnetum.

Unnu á hatri með ástinni

Fjögur ár eru liðin frá árás Anders Behring Breivik í Útey og Ósló. Ungir jafnaðarmenn minntust fórnarlambanna í Reykjavík. Safn sem sýnir muni tengda árásinni var opnað. Atburðanna var minnst víða um Noreg.

NOREGUR „Ástæðan fyrir því að við erum að halda athöfn er sú að við viljum halda minningunni um það sem gerðist á lofti og minningunni um það hvernig Norðmenn tóku á þessu máli eftir á. Þeir unnu á hatri með ást og stóðu saman sterkari en þeir voru fyrir,“ segir Eva Indriðadóttir, formaður Ungra jafnaðarmanna, sem minntust þess í gær að fjögur ár eru liðin frá voðaverkum Anders Behring Breivik í Ósló og Útey í Noregi.

Alls féllu 77 í árásunum, átta í Ósló og 69 í Útey. Árásin í Útey beindist gegn sumarþúðum ungliðahreyfingar Verkamannaflokks Noregs. Fórnarlambanna var minnst víða í gær, jafnt í Noregi sem á Íslandi.

Minningarathöfn Ungra jafnaðarmanna fór fram í Minningarlundinum um fórnarlömbin í Vatnsmýrinni í gærkvöldi. Rósir voru lagðar í lundinn og lagið Umkringd af óvinum, eða Til Ungdommen, sem mikið var flutt í kjölfar árásanna, sungið. Sendiherra Noregs á Íslandi sótti athöfnina.

Mínútuþögn ríkti í lok athafnanna til að minnst fórnarlambanna.

„Ég held að einungis þau sem misst hafa son eða dóttur, systur eða bróður, skilji í raun hversu sársaukafullt það er,“ sagði Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs, við minningarathöfnina í Ósló í gær. „Við reynum að skilja. Við reynum að sýna að okkur sé ekki sama. Við sýnum virðingu.“

Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, sem var forsætisráðherra Noregs þegar voðaverkin áttu sér stað, mætti einnig á minningarathöfnina.

„22. júlí var tilfinningaþrung-



MINNINGARATHÖFN Dagur B. Eggertsson borgarstjóri var meðal þeirra sem minntust fórnarlamba Breiviks í Vatnsmýrinni í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ



Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs.

inn og sögulegur dagur. Honum má ekki gleyma,“ sagði hann við athöfnina. Framkvæmdastjórinn sagði enn fremur að hann ætlaði

„Við reynum að skilja. Við reynum að sýna að okkur sé ekki sama. Við sýnum virðingu.“

að mæta í sumarþúðir ungliðahreyfingarinnar í Útey í ágúst. Þá verða þær haldnar í fyrsta skipti frá voðaverkunum.

Minnisvarði um fórnarlömbin hefur verið reistur í Útey, stór stálhringur, umkringdur trjám, með nöfnum fórnarlambanna og aldri grófnum í.

Safnið sem opnað var í Ósló í gær sýnir muni tengda atburðunum. Til dæmis fölsuð lögregluskilríki sem Breivik notaði til að komast út í eyna, myndavélar fórnarlamba, og flak bílsins sem Breivik sprengdi í Ósló.

Nokkrir hafa efast um að opnun

safnsins sé góð hugmynd. Øystein Sørensen, norskur stjórnfræðingur, sagði í viðtali við norska blaðið Dagbladet, að safnið gæti orðið „brennu Mekka“ fyrir andstæðinga íslams og ófgahægrimmenn sem vilja berjast gegn Breiviks augum. Breivik er sjálfur mjög andsnúinn þeim sem aðhyllast íslam.

Samkvæmt nýrri rannsókn sem birt var í tímaritinu Scandinavian Psychologist í gær eru sex af hverjum tíu foreldrum fórnarlambanna í Útey enn í of miklu áfalli til að vinna í fullu starfi.

thorgnyr@frettabladid.is

Tjaldadagar

20% Afsáttur

5 manna
4000mm vatnsheldni
Lokaður botn
Eldvarinn dúkur

Vango Woburn 500
Verð áður 75.995,-
Tilboðsverð 60.796,-

20% Afsáttur

2 manna
5000mm vatnsheldni
Eldvarinn dúkur
2,9 kg

Vango Tempest 200
Verð áður 40.995,-
Tilboðsverð 32.796,-

1°C - 20°C
Fibereingrun
1,85 kg.
Lengd 190cm

Vango Wilderness 350
Tilboðsverð 8.500,-

Ótrúlegt úrval af útilegubúnaði fyrir Verslunarmannahelgina

HILLEBERG
THE TENTMAKER

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSONLEG ÞJÓNUSTA. FAGLEG RÁÐGJÖF

ÚTSALA

Á ÖLLUM REIÐHJÓLUM!

23. JÚLÍ - 4. ÁGÚST



28" Cronus
City Bike Lady
29.940
fullt verð
49.900

40%
afsláttur á kassa

25-50%
AFSLÁTTUR

Verðdæmi
29" hjól
66.933
fullt verð 99.900

33%
afsláttur á kassa

20" hjól
25.425
fullt verð 33.900

25%
afsláttur á kassa

14" hjól
20.175
fullt verð 26.900

25%
afsláttur á kassa

50%
afsláttur á kassa

28" Cross
Arena dömu
39.520
fullt verð
79.039

Örfá eintök til!

FRÍ
YFIRFERÐ &
ÁSTANDSSKOÐUN**
ÞJÓNUSTA
& **GÆÐI**

FRÍ
HEIMSENDING*

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Allt vörurvalið er fánlegt í Smáralind og www.hagkaup.is. Minna úrval í öðrum verslunum.
Frí heimsending gildir á höfuðborgarsvæðinu. ** Frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum
einu sinni innan árs frá kaupum hjá vörumerkjum fagaðila.

SVONA ERUM VIÐ



18.324 sjónvarpstæki voru flutt til landsins á árunum 1999 til 2015.

Á sama tíma voru 7.345 útvörp flutt til landsins.



SUÐUREYRI Maðurinn notaði bensínkort Björgunarsveitarinnar Bjargar í leyfisleysi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Notaði kort í leyfisleysi:

Stal yfir 1.300 bensínlítrum

DÓMSMÁL Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt karlmann á fimmtugsaldri í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að stela 1.376 lítrum af bensíni úr sjálfssala N1 á Suðureyri. Verðmæti eldsneytisins var 300 þúsund krónur.

Maðurinn notaði heimildarlaust viðskiptakort Björgunarsveitarinnar Bjargar á Suðureyri til þess að svíkja út bensínið.

Skautuðu fram hjá Íslandi

Fimm ríki gerðu með sér samning um veiðar á norðurheimskautinu án aðkomu Íslands. Að sögn bandaríska utanríkisráðuneytisins eiga aðeins ríki með efnahagslögsögu að pólnum aðild að samningum.

SJÁVARÚTVEGUR Fimm ríki gerðu með sér samkomulag þann 16. júlí síðastliðinn um takmarkanir á veiðum á norðurheimskautinu og um rannsóknir á lífríki svæðisins. Íslandi var ekki boðin þátttaka en stendur til boða að ganga að samkomulaginu síðar.

Ríkin sem um ræðir eru Bandaríkin, Rússland, Kanada, Noregur og Danmörk fyrir hönd Grænlands. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sagði í viðtali við Skessuhorn á mánudaginn að það kæmi fyrir að Íslandi væri ekki boðið á fundi um málefni hafsins vegna hvalveiða Íslendinga.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins til utanríkisráðuneytisins kemur fram að Íslandi var ekki boðið að taka þátt í samkomulaginu og ekki er gert ráð fyrir því að hvalveiðar Íslands hafi átt í hlut enda á Noregur, sem er hvalveiðipjóð, þátt í samkomulaginu.

Sambærileg fyrirspurn var borin undir bandaríska utanríkisráðuneytið en í svari við henni kemur fram að ríkin fimm sem eiga aðild að samkomulaginu eigi efnahagslögsögu að norðurskautinu og því hafi þau gert með sér samkomulagið. Næsta skref verður að bjóða öðrum ríkjum að taka þátt í samstarfinu og Ísland verður þar á meðal.

Samkomulagið sem um ræðir tilgreinir að fiskveiðiskip ríkjanna fimm skuli fylgja fyrirmælum svæðisbundinna

→ Íslandi var meðal annars haldið fyrir utan ráðstefnuna

Our Ocean sem fjallaði um málefni fiskveiða og hafsins

fiskveiðistjórnunarsamtaka og að alþjóðlegum reglum um veiði og lífríki sjávar skuli fylgt. Þá stefna samningsaðilar á að koma á fót sameiginlegum rannsóknarvettvangi til að rannsaka og skilja lífríki sjávar við norðurheimskautið. Enn fremur munu aðilar stuðla að sameiginlegu eftirliti á svæðinu og blátt bann er lagt við öllum fiskveiðum sem grafa undan markmiðum samkomulagsins.

Ríkisstofnunum í Bandaríkjunum barst í apríl í fyrra tilskipun frá Hvíta húsinu þess efnis að endurskoða ætti samskipti Íslands og Bandaríkjanna á viðeigandi vettvangi og meðal annars skyldi Ísland sniðgengið á fundum og ráðstefnum um málefni hafsins. Í júní í fyrra hélt bandaríska utanríkisráðuneytið til að mynda ráðstefnuna Our Ocean þar sem fulltrúar strandríkja ræddu sjálfbærar fiskveiðar og mengun sjávar en Íslandi var haldið utan við hana.

Enn fremur hefur Obama Bandaríkjaforseti sagt að hvalveiðar Íslendinga verði settar undir smásjá Bandaríkjanna og Íslendingar yrðu hvattir til að láta af hvalveiðum.

stefanraf@frettabladid.is



HVALVEIÐAR Valda hvalveiðar Íslendinga því að boðskort frá erlendum ríkjum „týnast í pósti“?

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Þrír andstæðingar hvalveiða Íslands



Pamela Anderson, leikkonan sem gerði garðinn frægan í sjónvarpsþáttunum um strandverðina, er ötull talsmaður dýraverndar og mikill andstæðingur hvalveiða. Þann 5. júlí síðastliðinn sendi Pamela Pútín Rússlandsforseta bréf þar sem hún biðlaði til hans um að stöðva skipið Winter Bay sem flutti íslenskt hvalkjöt til Japans.



Paul Watson er vafalaust einn óvinsælasti maður á Íslandi en frægt var þegar Watson og aðgerðasinnar úr samtökunum Sea Shepherd sökktu tveimur hvalveiðiskípum í Reykjavíkurböfn í nóvember 1986. Watson hefur leitt hvalaverndunarsamtökin Sea Shepherd frá árinu 1977 en samtökin hafa barist harkalega gegn hvalveiðum um allan heim.



Barack Obama Bandaríkjaforseti er eflaust ekki jafnarður í sinni afstöðu og þau fyrrnefndu en það er sjaldgæft að Bandaríkjaforsetar beini sjónum sínum að litla Íslandi. „Ég held við verðum að beina sjónum okkar frekar að hvalveiðum Íslendinga og hvetja þá til að hætta hvalveiðum og styðja frekar alþjóðlegar verndunaraðgerðir,“ skrifaði Obama í bréfi til Bandaríkjaþings í janúar 2014.



Innovation that excites

NISSAN FJÖLSKYLDAN

BÝÐUR UPP Á SPENNANDI NÝJUNGAR



NÝR NISSAN NOTE

VISIA, DÍSIL, BEINSKIPTUR – EYÐSLA 3,6 L/100 KM*

2.850.000 KR.

*Míðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

NÝR NISSAN PULSAR

ACENTA, DÍSIL, BEINSKIPTUR – EYÐSLA 3,6 L/100 KM*

3.590.000 KR.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



GRILL66.IS

Kombótíllbað

KLASSÍSKUR BORGARI
Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI!



El Reno
OSTBORGARI
Franskar ~ COKE 0,5 L ~ PRINCE POLO

TILBOÐIÐ GILDIR
23. JULÍ - 3. AGUST

GRILL 66

NORÐLINGAHOLTÍ
ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
MOSFELLSBÆ
SELFOSSI
AKRANESI
BORGARNESI

STYKKISHÓLMI
SKAGASTRÖND
ÓLAFSFIRÐI
DALVÍK
SIGLUFIRÐI
NESKAUPSTAÐ
REYÐARFIRÐI



 ÞÚ FINNUR OKKUR Á OLÍS-STÖÐVUM

Betra grill við veginn



HVALFJARÐARGÖNG Spölur hvetur ökumenn til að fara ekki með of háan farm inn í göngin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Var með of háan farm:

Ók á slá á leið úr göngunum

SAMGÖNGUR Gámur á flutningabíl lenti harkalega á hæðarslá yfir suðurmunna Hvalfjarðarganga að kvöldi fimmtudagsins 16. júlí.

Ein af þremur stálkeðjum og boltar sem héldu 600 kílóa þungum stálbitanum uppi slitnuðu við áreksturinn. Farmur bílsins var vel yfir löglegru hæð, sem er 4,2 metrar.

Stálbitinn hékk uppi eftir höggið á tveimur keðjum. Bílar óku undir slána örskömmu eftir slysið og hefði bitinn því getað lent á bílunum. - ih

Fyrsta skóflustungan tekin:

Hefja byggingu stúdentagarða

MENNTUN Fyrsta skóflustungan að byggingu nýrra stúdentagarða við Brautarholt 7 í Reykjavík verður tekin í dag. Byggja á tvö hús, alls um 4.700 fermetra, og í þeim verða 102 litlar íbúðir fyrir barnlausa stúdenta.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Aron Ólafsson, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, taka skóflustunguna. - fbj

Iceland Resources sækir um leyfi til gulleitar

Iceland Resources hefur sótt um leyfi til að leita að gulli á átta stöðum á Íslandi. Kanadískt námufyrirtæki fjármagnar leitina. Gull hefur fundist á Íslandi en óljóst er hvort það er í vinnanlegu magni. Gulleit í Þormóðsdal er í bið þar sem fé skortir.

ATVINNUMÁL Iceland Resources ehf. hefur sótt um leyfi hjá Orkustofnun til að leita að gulli og kopar norðan við Hveragerði, norðarlega í Héraðsflóa við Vopnafjörð og á sex öðrum stöðum á Íslandi.

Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Iceland Resources, segir að gull hafi fundist á Íslandi en óljóst hvort gullið sé í vinnanlegu magni. „Ef við finnum fjölæðakerfi þá borgar sig að vinna það en ef það er bara ein æð þá borgar það sig ekki,“ segir Vilhjálmur.

Fáist leyfi til gulleitar verður unnið úr upplýsingum sem til eru um svæðin og þau kortlögð, auk þess sem tekin verði yfirborðsýni úr jörðu að sögn Vilhjálmss. „Ef þau líta vel út taka menn ákvarðanir um hvort það eigi að skjóta niður holum,“ segir hann.

Kanadískt námufyrirtæki stendur að fjármögnun verkefnisins. Vilhjálmur vill ekki gefa upp hvaða fyrirtæki er um að ræða þar sem það sé skráð á hlutabréfamarkað og hafi ekki tilkynnt formlega um verkefnið.

Vilhjálmur segir að langan tíma taki að koma námugreftri á fót. „Frá því að við byrjum rannsóknir eru að minnsta kosti átta ár í að farið verður að vinna eitthvað. Það



HVERAGERÐI Iceland Resources hefur sótt um leyfi til gulleitar við Hveragerði og á sjö öðrum stöðum á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR ÓLASON

getur líka vel verið að það finnist ekki neitt,“ segir Vilhjálmur.

Vilhjálmur hefur áður komið að gulleit en North Atlantic Mining Associates, þar sem Vilhjálmur er einnig framkvæmdastjóri, fann gull við gröft í Þormóðsdal. „Það sem við fundum í Þormóðsdalnum sýnir að þessi jarðkerfi eru til á Íslandi,“ segir hann.

Frekari rannsókna er þörf til að komast að því hvort borgi sig að vinna gullið í Þormóðsdal en til þess vantar fjármagn. „Við erum að reyna að halda lífi í verk-

efninu,“ segir Reinhard Reynisson, stjórnarformaður Málmís, en dótturfélag þess, Melmi, hefur staðið að gulleitinni. „Það voru aðilar sem ætluðu að koma inn í þetta en það gekk svo ekki upp,“ segir Reinhart.

Reinhard segir engar formlegar viðræður í gangi en að reglulega sýni fjárfestar verkefninu áhuga. „Við erum með leyfi út næsta ár en það er bundið því að við getum hafið rannsóknir sem við ætlum að gera á þessu ári,“ segir hann.

ingvar@frettabladid.is



Frá því að við byrjum rannsóknir eru að minnsta kosti átta ár í að farið verður að vinna eitthvað.

Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Iceland Resources.

Landsvirkjun

Ef þú hleypur 10 kílómetra notarðu jafnmikla orku og þarf til að hafa kveikt á einum ljósastaur í átta klukkustundir

Gagnvirkar orkusýningar Landsvirkjunar í Búrfelli og Kröflu varpa ljósi á orkuna sem býr í öllum hlutum.

Landsvirkjun vinnur rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum; vatnsafla, jarðvarma og vindi.

Líttu við í sumar.

Opíð 10-17 alla daga til 30. ágúst.
Leiðarlýsingar á landsvirkjun.is/heimsoknir

DEBENHAMS

BLÁA BOMBAN

VERÐSPRENGJA!

20%

NÝTT
KORTA-
TÍMABIL!

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU

GILDIR ÚT SUNNUDAG

Dæmi um vörur á **70%** afslætti



70% AFSLÁTTUR AF:
Öllum barnastuttbuxum



70% AFSLÁTTUR AF:
Öllum dömusiðkjólum



70% AFSLÁTTUR AF:
Úrvali af dömutoppum



70% AFSLÁTTUR AF:
Úrvali af dömuskóm

 Finndu okkur á facebook

Opið 11:00 - 21:00

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Vatnavextir gera fólki erfitt fyrir



PAKISTAN Mikil flóð og úrhellisrigning hefur verið í Layyah-héraðinu í suðvesturhluta Pakistan og gert íbúum þar erfitt fyrir. Fjórir létust í gær þegar flóð hreif með sér bíl sem þeir voru í.

NORDICPHOTOS/AFP



Í HENGLUM Mikið hefur gengið á á Grikklandi undanfarin ár og eru landsmenn vanir vondum fregn-um. Þó birti til í vikunni þegar grískir bankar voru opnaðir aftur og láshæfismat landsins var hækkað.

Fréttablaðið/AFP

Grikkland þokast nær því að fá neyðarlánin

Gríska þingið greiddi atkvæði í gærkvöldi um lagapakka sem tryggir Grikkjum aðgang að lánnum til niðurgreiðslu skulda og innviðafjárfestinga. Forsætisráðherra treysti aftur á stuðning stjórnarandstöðunnar í atkvæðagreiðslunni.

GRIKKLAND Gríska þingið greiddi í gær atkvæði um lagapakka sem er seinna skrefið í því að tryggja neyðarlán frá Evrópusambandinu. Lögin innihalda ákvæði um afnám ríkisábyrgðar á viðskiptabönkum, breytingar á dómskerfinu sem heimila skjótari dómsmeðferðir og upptöku á innstæðutryggingu á innlánsreikningum upp á 100 þúsund evrur.

Upphaflega átti hækkun lífeyrisaldurs og skattahækkunar á bændur að vera inni í lögunum en þeirri atkvæðagreiðslu hefur verið frestað.

Alexis Tsipras forsætisráðherra þurfti að treysta á stuðning stjórnarandstöðunnar til að ná lögunum í höfn en niðurstöður atkvæðagreiðslunnar lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun. Í síðustu atkvæðagreiðslu var gerð uppreisn í Syriza, flokki Tsipras, en 32 þingmenn í flokknum sneru baki við forsætisráðherra, þar á meðal Yanis Varoufakis, fyrrverandi fjármálaráðherra.

Tsipras eyddi síðustu dögum í að tryggja að önnur uppreisn ætti sér ekki stað.

Lögin sem kosið var um myndu tryggja neyðarlán upp á 86 milljarða evra til að greiða niður skuldir. Næsti stóri frestur á endurgreiðslu lána rennur út 20. ágúst en þá þurfa Grikkir að greiða 3,2 milljarða til seðlabanka Evrópu og í september greiða Grikkir Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 1,5 milljarða lán.

Þrátt fyrir að útlitið sé enn svart á Grikklandi má finna vonarglætu í því að bankar voru aftur opnaðir síðastliðinn mánu- dag og að Standard & Poor's skuli hafa hækkað láshæfismat Grikklands úr CCC- í CCC+ á þriðjudaginn sem er enn ruslflokkur en þó töluvert skærri staða.



ALEXIS TSIPRAS

→ Hvað felst í samkomulaginu?

€86 milljarða neyðarlán

Frá ESB og AGS

Endurfjármögnun banka, greiðsla skulda, vaxtagreiðslur og fleira.

€50 milljarða fjárfestingasjóður

Fjármagnaður með einkavæðingu

Niðurgreiðsla skulda og í fjárfestingar.

€7.16 milljarða brúarlán

Aðkallandi skulda- greiðslur til ESB og AGS.

€35 milljarða styrkur frá ESB

Innviðafjárfestingar og sköpun starfa.

IDO hreinlætistæki!



Ido Trevi vegghengt með setu
20.990



Ido Seven D með setu
49.990
(frá Finnlandi)



Ido Seven D vegghengt m.hæglökandi setu
75.990



MURBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

Karníval
STÖNG

NÝTT

emmess.is
-Toppurinn á ísnum



MÖNNUNAR- VANDI Yfir 260 hjúkrunarfræðingar á Landspítala hafa sagt upp störfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hjúkrunarráð LSH varar við hjúkrunarleigum:

Telja að starfið yrði ekki eins faglegt

HEILBRIGÐISMÁL Hjúkrunarráð Landspítala varar í nýrri ályktun við því að litið sé á hjúkrunarleigu sem lausn á mönnunarvanda meðal hjúkrunarfræðinga innan heilbrigðiskerfisins.

„Slíkar lausnir eru neyðarúr- ræði svo hægt sé að veita grunn- neyðarþjónustu, líkt og veitt er í verkfalli. Slík þróun myndi leiða af sér verulega faglega afturför, ógna þeirri uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað og hefta áfram- haldandi uppbyggingu í íslenski heilbrigðisþjónustu,“ segir í ályktuninni.

Ráðið segir að stofnun hjúkrunarleiga kunni að vera lausn til að halda hjúkrunarfræðingum og þar af leiðandi reynslu og þekkingu innan Landspítala í umönnun

sjúklinga. Hins vegar sýni reynsla spítalans og þeirra sem þekkja til erlendis að faglegar skyldur leigðra hjúkrunarfræðinga gagnvart stofnuninni séu ekki þær sömu og starfsmanna spítalans.


„Fagleg framþróun á þjónustu við sjúklinga og aðstandendur þeirra, hagræðing í rekstri, uppbygging á starfsemi, efling þverfaglegrar teymisvinnu, kennsla og fræðsla situr á hakanum.“

Hjúkrunarráð segir starfs- ánægju hjúkrunarfræðinga og tryggð þeirra við stofnunina og skjólstæðinga hennar vera það sem ríkisstjórnin eigi að leggja allt sitt kapp í að varðveita.

„Ef til hjúkrunarleiga kæmi gæti verið verulega erfitt, jafnvel ógerlegt, að snúa til baka.“

-fbj

NORÐURLÖND



Tekin með 500 kg af dínamíti

1 SVÍPJÓÐ Lögreglan í Falkenberg í vesturluta Svíþjóðar handtók tvær manneskjur á þriðjudaginn og lagði hald á 550 kíló af dínamíti á heimili þeirra. Fólkíð, kona á fertugsaldri og karl á fimmtugsaldri, var dregið fyrir dómstóla í gær. Konan viðurkenndi í yfirheyrslum lögreglu að hafa keypt sprengiefnið af vini sínum en ekki liggur fyrir hverjar fyrirætlanir fólksins voru. Lögfræðingur parsins heldur því fram að það hafi ekki ætlað að nýta það til glæpsamlegra athæfa. Maðurinn var sveitarstjórnarfulltrúi fyrir öfga hægri flokkinn Svíþjóðardemókrata í fylkinu Halland. Hann hefur sagt sig úr flokksnum eftir handtökuna. Þá eru talin vera til staða tengsl fólksins við aðrar öfgahreyfingar en á heimili þeirra fannst áróður nasista.

Sprengjubrotin á safninu

2 NOREGUR Í gær var 22. júlí safnið opnað í Noregi. Safnið er til húsa í gömlu stjórnarráðsbyggingunni í Ósló sem Anders Behring Breivik sprengdi þann 22. júlí 2011 með þeim afleiðingum að átta manns létu lífið. Safninu er ætlað að gera skil á árásinni og minnst þeirra sem létust í henni og fjöldamorðunum í Útey þar sem 69 voru myrtir. Á safninu má sjá ýmsa muni á borð við þá sem Breivik var með á sér þegar hann var handtekinn í Útey og brotin úr bílsprengjunni sem hann sprengdi við stjórnarráðsbygginguna. Inni á safninu má greinilega sjá ummerki árásarinnar. Í gær minntust Norðmenn árásanna sem átta sér stað fyrir fjórum árum. Míningaráthafnir voru haldnar í Óslóardómkirkju og í Útey.

Aðgerðasinnar handteknir



3 FÆREYJAR Tveir aðgerðasinnar samtakanna Sea Shepherd voru handteknir í Færeyjum á mánudag. Annar þeirra er bandarísk kona og hinn þýskur karlmaður. Þeim er gert að sök að hafa truflað grindardrápin sem eru árleg hvalveiði Færeyinga. Þau munu verða dæmd eftir nýsamþykktum lögum um hvalveiðar, svokölluðum grindarlögum. Samtökin sendu skip sitt Sam Simon til Færeyja í síðasta mánuði til að trufla og mótmæla veiðunum en þetta er sjötta árið í röð sem samtökin trufla grindardrápin. Í fyrra voru 14 aðgerðasinnar Sea Shepherd handteknir í Færeyjum.



FJARLÆGÐUR Habre sagði senegalska stjórnámálamenn svíkara. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Réttað yfir einræðisherra:

Habre fluttur úr dómsal

SENEGAL Hissene Habre, fyrrverandi einræðisherra Tsjad, var fjarlægður úr dómsal þegar réttað var yfir honum í Senegal á mánudag.

Hann kallaði yfir dómsalinn að senegalskir stjórnámálamenn væru rotnir að innan, að þeir væru þjónar heimsvaldasinna og svikarar við Afríku.

Honum er gert að sök að hafa valdið hundruðum dauðsfalla í stjórnartíð sinni í Tsjad frá árinu 1982 til 1990.

Þetta er í fyrsta sinn sem réttað er yfir leiðtoga Afríkurríkis í öðru landi en heimalandinu en réttarhöldin fóru fram í Senegal. - sfs



Á GRUNDARTANGA Ekkert tjón varð á mannvirkjum eða vélbúnaði í sprengingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þrír fengu aðhlyningu:

Rafsprenging á Grundartanga

SLYS Betur fór en á horfðist þegar mikil rafsprenging, eða blossi, varð út frá kerfi í álverinu á Grundartanga í fyrrkvöld þegar þrír menn voru að vinna við kerfið. Sprengingin þeytti þeim frá kerfinu og féllu þeir allir við. Tveir þeirra voru fluttir á slysadeild Landspítalans en einn á heilsugæslustöðina á Akranesi og er enginn þeirra eins alvarlega meiddur og óttast var í upphafi.

Ekkert tjón varð á mannvirkjum eða búnaði. Verið er að rannsaka af hverju rafmagn var á kerfinu þegar verið var að vinna við það, en við þær aðstæður á að aftengja kerin. - gs

VIÐSKIPTI

Forstjóri Toshiba farinn

Forstjóri Toshiba tók pokann sinn eftir að upp komst um að fyrirtækið falsaði hagnaðartölur sínar. Óháð rannsókn hefur leitt í ljós að rekstrarhagnaður síðustu sex ára var 166 milljörðum króna lægri en uppgefinn hagnaður.





Ariel fljóttandi þvottaeefni fylgir með öllum Siemens þvottavélum.



Ný Siemens þvottavél

-með öllum þeim eiginleikum sem menn þurfa í dagsins önn.

Ný 8 kg þvottavél með íslensku stjórnborði. 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++.

Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótör með 10 ára ábyrgð. Bylgjulaga tromla („waveDrum“) fer einstaklega vel með þvottinn. 15 mín. hraðþvottakerfi. Við hönnun vélarinnar hefur verið leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðláta („antiVibration Design“).

8 kg
Tekur mest

Hraðkerfi 15'

10 ára
ábyrgð á
iQdrive
mótöllum.

Þvottavél, WM 14P4E8DN

Kynningarverð: 119.900 kr.

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Ný 8 kg þvottavél með íslensku stjórnborði. 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++.

Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótör með 10 ára ábyrgð. Bylgjulaga tromla („waveDrum“) fer einstaklega vel með þvottinn. 15 mín. hraðþvottakerfi. Við hönnun vélarinnar hefur verið leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðláta („antiVibration Design“).

8 kg
Tekur mest

Hraðkerfi 15'

10 ára
ábyrgð á
iQdrive
mótöllum.

Þvottavél, WM 14P4E8DN

Kynningarverð: 119.900 kr.

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

nettó

í sumarskapi!



-36%
 BLÁBER 225 GR
 GREAT TASTE, FROSIN
198
 ÁÐUR 309 KR/PK



-30%
 KINDA INNRALÆRI
 KRYDDAÐ
2.960
 ÁÐUR 4.228 KR/KG



-20%
 NAUTAMJADMASTEIK
 ERLEND
2.238
 ÁÐUR 2.798 KR/KG



-20%
 NAUTASÍÐA
 SNYRT, ERLEND
2.060
 ÁÐUR 2.575 KR/KG



-24%
 SVÍNASNITSEL
 Í RASPI, FERSKT
1.690
 ÁÐUR 2.224 KR/KG



-20%
 KJÚKLÍNGAUPPLÆRI
 M/BEINI, 1,5 KG
999
 ÁÐUR 1.249 KR/PK



-30%
 KARTÖFLUBÁTAR
 COOP, 900GR
349
 ÁÐUR 498 KR/PK



FROZEN HANDSÁPA
 440 ML
299
 ÁÐUR 349 KR/STK

Nýtt í Nettó! Tóro bökunarlinan 10% afsláttur!



Tilboðin gilda 23. júlí – 26. júlí 2015

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

NÝTT KORTATÍMABIL!



KJÚKLINGABRINGUR
DANPO, 900 GR
1.479
ÁÐUR 1.761 KR/PK



GRÍSABÓGSSNEIÐAR
GRILL
-40%
899
ÁÐUR 1.498 KR/KG



NAUTAMJÖDM, ERL.
M/BEIKON, 2X125 GR
-20%
2.679
ÁÐUR 3.349 KR/KG



LAMBAKJUÐAR
Í NY MARINERINU
-30%
839
ÁÐUR 1.198 KR/KG



SEVEN UP, 2L
EGILS
199
ÁÐUR 235 KR/STK



SNÚÐAR, 500GR
3 TEG, OKKAR
497
ÁÐUR 629 KR/PK



JUBBLY ICE LOLLIES
2 TEG - 8 STK
-47%
199
ÁÐUR 372 KR/PK



JACOB'S KEX
ORANGE, 6PK
199
ÁÐUR 258 KR/STK



LAKKRÍSKONFEKT
190GR, BASSETTS
249
ÁÐUR 289 KR/PK



FOOD DR. NASL
3 TEG.
299
ÁÐUR 399 KR/PK

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Rúllað um á reiðhjólum í Reykjavík

Sannkallað hjólreiðaaði ríkir í Reykjavík og reyndar um land allt. Útsendari Fréttablaðsins kannaði málið og vann bug á djúpstæðum fordómum sínum: Það að fara út að hjóla er miklu skemmtilegra en hann gat órað fyrir. Hjólamennskan býður upp á nýja sýn á borgina.

Jakob Bjarnar Grétarsson
jakob@365.is



„Já, já, ekkert mál,“ segir Steinn Ármann Magnússon, leikari og hjólagarður. „Erum við þá að tala um raiser, single track eða urban gutt?“ – „Uhhh, já.“ – „Já, hvað?“ – „Þetta sem þú sagðir síðast. Urb, þarna. Hvað sagðirðu?“

Íslendingar eru ákafamenn í því sem þeir taka sér fyrir hendur, dellufólk upp til hópa. Í greinaflokki Fréttablaðsins hefur verið reynt að þreifa á því helsta sem snýr að útivist og áhugamálum landsmanna; golfi, veiði, fjallgöngu... verður ekki hjá því komist að beina sjónum að hjólreiðaðinu sem ríkir í Reykjavík. Helstu kynni þess sem hér skrifar af reiðhjólum undanfarin 35 ár felast í því að bölsótast út í þessa reiðhjólafugla sem eru að flækjast fyrir almennilegum öikumönnum í umferðinni. En, hann varð að éta rækilega ofan í sig fordóma sína gagnvart þessu sporti. Að hjóla er margfalt miklu skemmtilegra en hann hafði getað ímyndað sér. Það er eiginlega bara algjört æði.

Hjólatúrinn undirbúinn

Fyrsta sem blaðamanni datt í hug, þegar þessi hugmynd kom upp, var að hringja í leikarann Stein Ármann. Hann var farinn að hjóla löngu áður en brast á með hjólaæðinu, og þótti reyndar, á sínum tíma, stórskritinn þegar hann var að hjóla milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Steinn hefur fengist við það undanfarin ár að vera leiðsögumaður í hjólatúrum. Og hann tók vel í það að lóða blaðamann um hjólamennskuna sem er heill heimur út af fyrir sig – og margþættur.

Brjálaðið í kringum 2007

Næsta skref var að hringja í Örninn. En, ekki hvað? Reiðhjólaverslunin Örninn hefur verið við lýði í 90 ár. Jón Pétur Jónsson er potturinn og pannan þar og sagði ekkert mál að lána blaðmanninum hjól og hjálm til fararinnar. Jón Pétur segir hjólamennsku hafa verið vaxandi um heim allan, og svo hafi verið lengi en menn séu að vakna vel til vitundar um það hér. Alger misskilningur sé að ekki sé hægt að hjóla hér vegna veðurs. Erfitt er að meta það upp á punkt og prik hversu margir stunda hjólamennsku nú um stundir, þeir skipta þúsundum. „Barómeterinn sem við notum er hversu mikið er flutt inn af hjólum,“ segir Jón Pétur. Toppurinn var á árunum 2006 til 2007, í hjólamennsku sem öðru, þá voru um það bil 30 þúsund hjól flutt inn.

Hjólín geta kostað á við bíl

Nú er þetta í meira jafnvægi. „Í fyrra voru flutt inn um 15.800 hjól. Og færri í ár. En, þrátt fyrir það eru meiri verðmæti í þessu núna. Menn eru að pæla meira í þessu,“ segir Jón Pétur. Hjólín sem menn voru að kaupa árið 2007 voru almennt á verðbilinu 60 til 70 þúsund. „Nú er kannski mesta trendið í sölu hjóla sem kosta 150 þúsund upp í kannski 500 þúsund,“ segir Jón Pétur. Ákveðin bylting varð þegar Trek-fyrirtækið kom fram með Carbon Fiber-hjólín, sem eru miklu léttari en áður hafði þekkist. Jón Pétur gerir fastlega ráð fyrir því að næsta bylting, og hún sé handan horns, sé rafmagnshjól. Batterín séu orðin miklu betri, léttari og endingarbetri en áður hefur þekkist.

Jón Pétur útskýrði fyrir blaðmanni að eitt sé að koma sér upp hjóli, svo er allt hitt sem tengist. Og blaðamaður átti eftir að komast að því þegar hann skoðaði alla



HJÓLAFÓLK Hann var fríður flokkurinn sem féllst á að lóða blaðmann Fréttablaðsins um margþætta veröld hjólreiðamennskunnar: Lukka, Steinn, Lovísa og Þóra.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



ALLTAF GAMAN Á HJÓLI Lukka segir að það sjáist ekki hjólaþólk með fýlusvip. Nema það sé vindurinn sem víkkar svona munnvikin?

fylgihlutina sem eru margvíslegri en ókunnugur getur ímyndað sér. Og fatnaðurinn. Þetta kostar sitt.

Hjólahópur settur saman

Þótt fyrirlestur Jóns Péturs væri greinargóður var blaðamaður orðinn fremur ruglaður í ríminu, og reyndar orðinn dauðstressaður. Út í hvað var hann búinn að koma sér? Nema, Steinn Ármann var til í slaginn og þá var næsta skref að finna einhverja til að hjóla með sér. Böndin beindust fljótlega að Lukku Pálsdóttur, sem á og rekur hinn vinsæla heilsuveitingastað Happ við Höfðatorg. Hún er forfallinn hjólari, (eins og það heitir á því lingói sem við hjólaþólk notum um okkur sjálf), og til allrar lukku kom Lukka því við, þrátt fyrir annir, að fara einn hjólahring með blaðmanni, ásamt vinkonum sínum og hjólafélögum, Lovísu Stefánsdóttur, rekstrarstjóra hjá Happi, og Þóru Stefánsdóttur, flugfreyju hjá Icelandair. Þær féllust góðfúslega á að hjóla með blaðmanni og Steini. „Já, það er gaman að hjóla,“ segir Lukka. „Við fullorðna fólk gerum nefnilega allt of lítið af því að fara út að leika.“ Og blaðamaður átti eftir að komast að því að það er heila málið.

Kúlurassar í Reykjavík

Skemmt er frá því að segja að hjólatúrinn reyndist stórkostlega skemmtilegur. Og alls staðar mátti sjá fólk á ferli á hjólum sínum.



HJÓLAGARPURINN STEINN Hann hefur hjólað áratugum saman og þótti skriftinn á sínum tíma, þegar hann var að hjóla á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Það var þá.

Steinn Ármann leiddi hópinn um leynistíga, frá Skaftahlíð og niður í Fossvogsdalinn. Með þessum hætti má sjá staði sem maður hefur aldrei séð áður, frá öðru sjónarhorni. Sannleikur er í orða-tiltækinu, þetta er eins og að hjóla, það gekk furðu vel að ná tökum á tækninni. Yfirferðin sem ná má á hjóli kom verulega á óvart. Í gegnum Fossvogsdal, sem er algjör paradís, var farið upp í Elliðaárdalinn. Blaðamaður var orðinn býsna ánægður með sig. Þetta var ekki alveg eins mikið mál og



ÁÐ VIÐ ELLIÐAÁR Það var þar og þá sem Steinn lýsti því yfir að rétt væri að hjóla í Grafarvoginn.



ÖRNINN lánaði blaðmanni það allra nauðsynlegasta til fararinnar; hjól, hjálm, reiðhjólajakka og hanska. Hjólagarpurinn Steinn átti eftir að skammast í nýgræðingnum og hér spennir hann hjálm á haus blaðmannsins græna.

hann hafði talið. Við Elliðaárnar var áð og það var þá sem Steinn Ármann sagði að „vegna greinar Jakobs (ha?) þá væri réttast að hópurnir færi upp í Grafarvog. Þar væri stórkostlegt útsýni yfir Reykjavík.“ Hjólaforinginn ætlaði ekki að sleppa nýgræðingnum frá þessu of létt.

Nú fór hjólamennskan að taka verulega á og yfirburðir hinna vönu komu í ljós; þegar stelpurnar rúlluðu léttilega fram úr blaðmanninum sem kreisti allt afl sem fánlegt var úr lærvöðvunum til

að komast áfram fór gamanið að kárna. En, þetta er auðvitað snarþáttur í þessu æði; alhlíða líkamsrækt sem í því felst að hjóla. Með ástundun öðlast menn hið eftirsóknarverða vaxtarlag sem kallast er í sumum bókum kúlurass. Hjólamennskan tók reyndar á marga vöðva sem höfðu fengið að vera lengi í hvíld.

visir.is

Mun ítarlegar er greint frá þessu reiðhjólalævintýri á Vísir.

ÚTSALA

50%
TIL

FRÁBÆR VERÐ

979	→	490
1.279	→	640
1.679	→	840
1.969	→	985
2.469	→	1.235
2.959	→	1.480
3.449	→	1.725
3.949	→	1.975
4.439	→	2.220
4.939	→	2.470
5.919	→	2.960
6.909	→	3.455
7.899	→	3.950

verð með 50% afslætti

FRÁBÆR VERÐ

979	→	294
1.279	→	384
1.679	→	504
1.969	→	591
2.469	→	741
2.959	→	888
3.449	→	1.035
3.949	→	1.185
4.439	→	1.332
4.939	→	1.482
5.919	→	1.776
6.909	→	2.073
7.899	→	2.370

verð með 70% afslætti

70%

AFSLÁTTUR

af útsöluvörum í fatnaði, skóm og heimilisvöru

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



REYKJAVÍK BY THE BOAT Það getur verið ævintýri líkast að sigla meðfram ströndum Reykjavíkur. Reykjavík by the Boat býður upp á svoleiðis siglingar og Noah stóð vaktina.

Uppgrip og iðandi mannlíf við Ægisgarð

Fjöldi ferðamanna kemur að Ægisgarði í Reykjavík á hverjum degi. Sveinn Guðmundsson hjá Eldingu hvalaskoðun hafði ástæðu til að brosa enda var dagurinn á undan metdagur. Þann daginn komu átta hundruð manns í hvalaskoðun. Sveinn segir að með veitingahúsinum og galleríunum við Ægisgarð sé

stemningin þar sífellt að breytast frá ári til árs. „Þetta er að breyta heildarmyndinni heilmikið,“ segir hann. **Stefán Karlsson**, ljósmyndari Fréttablaðsins, átti leið um og smellti nokkrum myndum af verslunarfólki sem þjónustar gesti og gangandi.



ELDING HVALASKOÐUN Sveinn Guðmundsson hafði ástæðu til að brosa enda er vinsælt á meðal ferðamanna að skoða hvalina.



WHALE SAFARI Hún Telma sem stóð vaktina hjá hvalaskoðunarfyrirtækinu Whale Safari býður fólki ekki eingöngu ferðir í hvalaskoðun. Hjá henni er líka hægt að fá drykki og bakkelsi.



WALK THE PLANK Fanndís selur svöngum ferðamönnum krabbaborgara.




REYKJAVÍK SEAADVENTURES Kjartan Ólafsson kippti sér ekkert upp við athygli ljósmyndarans.

30% AFSLÁTTUR AF POLO U TUNGUSÓFA

Áður 189.900,- **NÚ 132.930,-**
Stærð: 298x152x205 cm

NÝTT KORTATÍMABIL



60% AFSLÁTTUR AF KENITRA BEKK

Áður 25.900,- **NÚ 10.360,-**
Stærð: 58x40xH45 cm.



25% AFSLÁTTUR AF LJÓSUM

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI ENN MEIRI VERÐLÆKKUN 10-80% AFSLÁTTUR

50% AFSLÁTTUR AF CALVI BORDI

Áður 29.900,-
NÚ 14.950,-
Stærð: 103xH73.5 cm.



50% AFSLÁTTUR
AF MÓSAÍKBORDUM

Áður 29.900,-
NÚ 14.950,-
Stærð: 60xH75 cm.



50% AFSLÁTTUR
AF MONDAVIO STÓL

Áður 29.900,- **NÚ 14.950,-**
Stærð: 64x64xH92 cm.



40% AFSLÁTTUR
AF TRENEL STÓL

Áður 29.900,-
NÚ 17.940,-
Stærð: 63x74xH89 cm.



40% AFSLÁTTUR
AF FIFTIES HÆGINDASTÓLUM

Áður 99.900,- **NÚ 59.940,-**
Stærð: 82x70xH100 cm.



GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS

the
PIER

25% AFSLÁTTUR AF LJÓSUM
30% AFSLÁTTUR AF SPEGLUM
40% AFSLÁTTUR AF SUMARVÖRUM
50% AFSLÁTTUR AF GLÖSUM



Barátta við öfgar

Norðmenn minnst þess í gær að fjögur ár eru liðin frá ódæðisverkem Anders Behring Breivik í Ósló og Útey. Falleg minningarstund um þau sem létust í árásum var haldin og pólitískir forráðamenn héldu hjartnæmar ræður. Erna Solberg forsætisráðherra sagði að frá árásum hefðu Norðmenn sýnt hvað það er sem geri þá að einni þjóð. „Við berjumst fyrir þeim gildum sem eru mikilvægust fyrir okkur, lýðræði, önu samfélagi og gagnkvæmri virðingu,“ sagði Solberg.

Bæði forsætisráðherra og Mani Hussaini, formaður ungra jafnaðarmanna í Noregi, minnstu í ræðum sínum á öfgahreyfingar. Þau voru sammála um nauðsyn þess að berjast gegn upp-

gangi þeirra með samstilltu átaki og rökræðu. „Öfgahreyfingar er að finna víða um Evrópu og árásumadurinn þann 22. júlí 2011 var ekki einn um skoðanir sínar. Við verðum að taka hættuna sem stafar af slíkum hópum alvarlega. Það er hættulegt að stilla þjóðfélagsþópum upp á móti hverjum öðrum. Slíkri hatursfullri orðræðu er beitt af mönnum sem vilja ekki fjölbreytt samfélag,“ sagði Hussaini.

Uppgangur öfgahreyfinga er eftir sem áður vandamál víðs vegar í Evrópu. A nokkrum stöðum eiga stjórnmalaflokkar sem teljast til slíkra aðild að ríkisstjórnunum eða styðja þær, víða annars staðar njóta þeir merkilega mikils fylgis og taka mikið pláss. Þeir ala á þjóðernishyggju, innflytjendaandúð og andúð á fjölmenningsamfélagi. Þrátt fyrir að stjórnmalaflokkar sem hafa andúð á útlendingum beinlínis á stefnuskrám sínum hafi ekki náð fótfestu hér á landi hefur borið hrollvekjandi mikið á slíkum málflutningi á undanförunum árum. Meðal annars í málflutningi einstaka þing- og sveitarstjórnarmanna, svo ekki sé talað um kommentakerfi vefmiðla, blogg, útvarp og aðra staði. Viðbrögðin við nýlegum fréttum af komu fimmtíu flóttamanna frá Afríku og Mið-Austurlöndum hingað til lands vekja til að mynda ugg.

Norðmenn sýndu heiminum sínar allra bestu hliðar í kjölfar árássanna í Útey. Árásirnar, þvert á tilgang þeirra, náðu að leysa úr læðingi meiri samstöðu en áður þekktist, án tillits til þjóðernislegs uppruna og trúarbragða. „Ef einn maður getur alið með sér svo mikið hat, getum við aðeins reynt að ímynda okkur hve mikinn kærleik við, sem samfélag, getum sýnt,“ sagði Stine Renate Haheim, ein þeirra sem lifðu árássirnar af, daginn eftir. Og það var nákvæmlega það sem Norðmenn gerðu.

Um þessar mundir er verið að opna miðstöð þar sem munir sem notaðir voru af Breivik við árásirnar í Noregi eru til sýnis. Þar verður meðal annars hægt að sjá flak bílaleigubifreiðar sem hann sprengdi í loft upp í Ósló, myndir, upptökur og aðra muni. Þeim verður stilt upp eins og gert var við réttarhöldin yfir morðingjanum. Í frétt Ekstrabladet um miðstöðina segir Hussaini að hún muni sýna grimmdina í verknaðinum. „Það er mikilvægt að taka skýrt fram að hryðjuverkaárásin átti sér pólitískar rætur, til þess að við getum komið í veg fyrir að við verðum ekki aftur fyrir slíkri árás.“

Enn halda Norðmenn áfram að stíga rétt og nauðsynleg skref í átt að bættu samfélagi eftir árásirnar. Vegna þess að leiðin til að losna við skoðanir og pólitískar hugsjónir sem einkennast af mannhatrí er hvorki að banna þær né þagga þær niður. Leiðin er einmitt að sýna þær, berskjaldaðar, og afhjúpa þær fyrir það sem þær eru; fordómar og fáfræði. Þeim þarf að mæta með festu með upplýsingu og rökræðu.

Og því má ekki gleyma að liðsmenn öfgahreyfinga sem þarf að hræðast, hvar sem er í Evrópu, eru ekki síður heimamenn en utanaðkomandi.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Einmitt

Það var athyglisvert, innlegg Finns Árnasonar í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi. Finnur sagði að verðlagsnefnd búvara væri skipuð af ráðherra og ákvarðanir hennar væru þess vegna stjórnvaldsákvarðanir. Hann gagnrýndi að á sama tíma og stjórnvöld kölluðu eftir verðstöðugleika væru þau að ýta undir verðbólgu með verðhækkunum. Launþegar, sem eru hvattir til að stilla launakröfum sínum í hóf í þágu verðstöðugleika, hljóta að hafa kinkað kolli þegar þeir heyrðu málflutning Finns.

Talar af reynslu Eyjólfur Pálsson í Epal var í athyglis-



Ábyrgð fyrirtækja

Það standa á stjórnmalamönnum öll spjót vegna umræðunnar um slæma umgengni við ferðamanna-staði. Umræðan upphófst



eftir að Fréttablaðið birti myndir af Þingvöllum þar sem gestir höfðu gengið örna sinna. Ragnheiður Elín Arnadóttir benti á í Fréttablaðinu í vikunni að í sumum tilfellum snerist umræðan um staði þar sem innviðir eru í lagi. „Þetta er þá bara eitthvert hegðunarvandamál sem ég bara veit ekki hvernig á að leysa og það eru ferðabjónustuaðilar sem þurfa að taka á þessu máli með sínum gestum,“ segir Ragnheiður. Það er rétt hjá Ragnheiði að það þýðir ekki alltaf að benda á hið opinbera þegar eitthvað fer úrskeiðis. Ábyrgðin liggur líka hjá fyrirtækjum sem skapa sér tekjur af komu ferðamanna.

jonhakon@frettabladid.is

Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefania Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinnson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

SYLVESTER borðstofustóll með krómfötum

ALLIR LITIR **KOMNIR** AFTUR

VERÐ KR. **9.990**
FULLT VERÐ 13.990

HÚSGAGNAHÖLLIN

Betri stað fyrir betri spítala

SKIPULAGSMÁL



Hilmar Þór Björnsson Arkitekt

Fljótlega eftir að ákveðið var að sameina sjúkrahúsin í Reykjavík var samin skýrsla um staðsetningu sameinaðs sjúkrahúss. Skýrslan var gefin út í janúar 2002 og er að mestu faglega unnin og til þess fallin að taka ákvörðun um staðsetningu við Hringbraut.

Síðan skýrslan var gefin úr hefur allt breyst í umhverfinu, hvort heldur varðar skipulagslegt umhverfi, félagslegt eða fjárhagslegt. Staðsetning sjúkrahússins við Hringbraut stenst ekki lengur þann veruleika sem nú blasir við 13 árum síðar. Ástæðurnar eru margar. Nægir þar að nefna umferðarmálin.

Á skipulagi sem stuðst var við árið 2002 voru fyrirhuguð göng frá Landspítalanum undir Óskjuhlíð með tengingu við Krínglumýrarbraut í Fossvogi, og áfram undir Kópavog og alla leið að Reykjanesbraut við Smáralind. Önnur göng áttu að koma undir Þingholtin með tengingu spítalans við Sæbraut nálægt Hörpu. Gert var ráð fyrir mislægum gatnamótum á mótum Krínglumýrarbrautar og Miklubrautar. Leggja átti Miklubraut í stökk við Klambatrún. Flugvöllurinn í Vatnsmýri og starfsemi þar var snar þáttur niðurstöðunnar.

Nú liggur fyrir nýtt aðalskipulag

Reykjavíkur þar sem allt þetta er lagt á hilluna.

Árið 2004 var samin önnur skýrsla. Þar segir m.a.: „[B]esti kosturinn er án efa bygging nýs sjúkrahúss frá grunni en ef ekki verður ráðist í svo fjárfreka framkvæmd nú verður að skoða aðrar leiðir.“ Útreikningar hafa sýnt að það er um 20 milljórdum ódýrara að byggja á nýjum stað en að endurnýta og byggja við núverandi húsnæði. Þar fyrir utan hagnast þjóðfélagið um milljarða á ári hverju við að flytja sjúkrahúsið nær þungamiðju búsetunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Þriðja skýrslan sem stundum er nefnd kom svo í febrúar 2008. Sú skýrsla er rýr og byggir ekki á neinum tilgreindum gögnum sem vitnað er í. Það er fullkomlega óábyrgt að byggja ákvörðun um staðsetningu spítalans á henni.

Þegar gögn málsins eru skoðuð er því ljóst að skipulagslegar forsendur staðarvalans eru að langmestu brostnar.

Áhyggjur þeirra sem telja að bygging nýs spítala geti tafist vegna endurskoðunar á staðarvalinu eru skiljanlegar. Slík endurskoðun er hins vegar nauðsynleg og mun ekki seinka opnun sjúkrahússins þó að byggingaframkvæmdir hefðust nokkrum mánuðum síðar en nú er áforað.

Taglhnýtingar valdsins

Í DAG

Porvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor



Ef óður maður misþyrmir gamalli konu, þá segja menn ekki: Sjaldan veldur einn þá tveir deila. Ef þingmenn þóknast sérhagsmunum með því að salta stjórnskrá sem 2/3 kjósenda hafa samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu, þá segja menn ekki: Lýðræðistilraunin tókst ekki. Þvílíkt orðaval á ekki við en það markar samt opinbera orðræðu í ýmsum löndum þar sem venjulegt fólk hefur of lítill völd og stjórnmálamenn of mikil. Vandinn er vel þekktur í alræðisríkjum eins og t.d. saga Rússlands vitnar um og George Orwell lýsti vel í bók sinni 1984, og hann teygir anga sína ennþá hingað heim þar sem stjórnmálaumræða fer að miklu leyti fram í öfugmæla-stíl og margir opinberir starfsmenn og aðrir skjálfa af ótta við valdið nema þeir séu valdið.

Hér segir frá fjórum prófessorum í Háskóla Íslands og framgöngu þeirra.

Fjórir prófessorar hafa orðið

Prófessor A sér öll tormerki á að Alþingi staðfesti nýja stjórnskrá sem 2/3 kjósenda sam-

þykktu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 og hefur hamrað á að kjörsókn hafi verið lítil (49%). Sami prófessor sagði í sjónvarpsfréttum 13. apríl sl. um kjörsókn í rektorskjöri í Háskóla Íslands (45%): „Kjörsóknin var mjög góð.“

Prófessor B hafði þetta að segja í Morgunblaðinu 13. desember 2012, sjö vikum eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna: „Í fyrsta lagi er þjóðfundur ekki viðurkennd aðferðafræði ... Það eru einkum tveir hópar sem ég held að þurfi að koma að samningu stjórnskrár ... Annars vegar reyndir stjórnmálamenn ... Hins vegar eru það sérfræðingarnir ... ákveðin elíta hefur það starf að kynna sér mál.“ Ómari Ragnarssyni var ekki skemmt aldrei slíku vant. Hann sagði í Mogga-bloggi sínu: „Viðtalið er fullt af mótsögnum og rangfærslum.“ Trampe greifi má hins vegar una glaður við ummælin um þjóðfundinn.

Prófessor C telur „ekki þörf á að gera miklar breytingar á [stjórnskránni] ... vegna þess að ég tel að stjórnskrár eigi almennt að vera stöðugar“ eins og var haft eftir honum í Fréttablaðinu 13. september sl. líkt og engin þjóðaratkvæðagreiðsla hefði farið fram. Hann var formaður stjórnskrárnefndar Alþingis.

Prófessor D sagði þetta í við-

tali við Frjálsa verslun (svörin voru skrifleg, sjá heimur.is 4. janúar 2013): „Frumvarpið er ótrúlegt plagg. Stór hluti mannréttindakaflans er vaðall ...“ Mannréttindakaflinn geymir m.a. ákvæðið um auðlindir í þjóðareigu sem 83% kjósenda lýstu stuðningi við í þjóðaratkvæðagreiðslunni tíu vikum fyrir viðtalið og einnig umhverfisverndar ákvæðin. Sami prófessor hafði áður skrifað í Morgunblaðið 2. marz 2011: „Þeir einir eru valdir til að semja nýja stjórnskrá sem taka ekki mark á stjórnskrá lýðveldisins.“ Hann var skipaður í ráðgjafaráð fjármálaráðherra 2013.

„Háborð sýndarveruleikans“

Þessir fjórir prófessorar endurspeglu ekki Háskóla Íslands, öðru nær. Fjöldmargir prófessorar, þrír aðrir háskólasérfræðingar og fjórir lögfræðingar. Um einn þessara funda sagði Guðmundur Gunnarsson fv. stjórnlagaráðsfulltrúi í tímaritinu Herðubreið: „Háskólinn varð þannig að háborði sýndarveruleikans, þar fengu einungis að taka til máls skoðanabræður valda-stéttarinnar.“ Annar fv. stjórnlagaráðsfulltrúi, Vilhjálmur Þorsteinsson, tók í sama streng á eyjan.is: „Mikið vildi ég óska að frummælendur á fundinum í dag hefðu meiri yfirsýn um

inum voru valdir af handahófi úr þjóðskrá og endurspegluðu því þjóðarviljann.

Þegar Alþingi hafði boðað til þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2012 með lögboðnum þriggja mánaða fyrirvara sendu Samtök um nýja stjórnskrá áskorun til rektora háskólanna um að halda fræðslufundi um frumvarpið kjósendum til glöggvunar. Þeirri áskorun var ekki sinnt. Eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna tóku nokkrir sjálfvaldir prófessorar sig til og héldu sjö fundi um málið. Til að ávarpa fundina voru nær eingöngu fengirnir andstæðingar frumvarpsins, sumir þrisvar (t.d. prófessor A og prófessor B), aðrir tvisvar (t.d. fv. formaður SUS). Engum fulltrúa úr stjórnlagaráði var boðið að ávarpa þessa háskóla-fundi og sátu þó í ráðinu m.a. fimm prófessorar, þrír aðrir háskólasérfræðingar og fjórir lögfræðingar. Um einn þessara funda sagði Guðmundur Gunnarsson fv. stjórnlagaráðsfulltrúi í tímaritinu Herðubreið: „Háskólinn varð þannig að háborði sýndarveruleikans, þar fengu einungis að taka til máls skoðanabræður valda-stéttarinnar.“ Annar fv. stjórnlagaráðsfulltrúi, Vilhjálmur Þorsteinsson, tók í sama streng á eyjan.is: „Mikið vildi ég óska að frummælendur á fundinum í dag hefðu meiri yfirsýn um

Meðvirkni, valdhlyðni og hlutdrægni prófessora grafa undan trausti almennings til háskóla.

og ábyrgðartilfinningu gagnvart því sögulega stjórnarskrárferli sem hér hefur átt sér stað frá árinu 2010 og hefur vakið athygli og aðdæun víða um heim. Og skildu betur inn-tak þess að allt vald kemur frá þjóðinni.“ Margir aðrir sem fylgdust með þessum fundum utan úr sal segja sömu sögu.

Vantraust kallar á viðbrögð

Meðvirkni, valdhlyðni og hlutdrægni prófessora grafa undan trausti almennings til háskóla. Skv. þjóðarpúlssi Capacents hefur traust fólksins í landinu til Háskóla Íslands dvínað um fimmtung frá 2008, úr 90% í 72%. Dvínandi traust kallar á viðbrögð. Nýs rektors Háskóla Íslands, Jóns Atla Benediktssonar, biðja brýn verkefni. Eitt þeirra er að efla innri starfshætti í ætt við þá sem erlendir háskólar nota til að verðskulda traust og virðingu. Færar leiðir að því marki eru efni í aðra grein.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi.

Sendu greinina þína á greinar@visir.is og við komum henni á framfæri hið snarasta.

Enn af verðofbeldi

Samkvæmt auglýsingu frá Verðlagsnefnd búvara dagsettri 17. júlí 2015 hækkaði verð á mjólkurvarningi um 3,6%. Undantekningin er verð á smjöri sem var hækkað um 12% enda í miklu uppáhaldi hjá neytendum nú um stundir! Um þá hækkun og aðrar hækkunar sem Verðlagsnefndin ákvað 17/7 má hafa mörg orð. En hér skal staldrað við ákvörðun nefndarinnar um heildsöliverð gerilsneyddrar mjólkur í lausu máli annars vegar (105 krónur á lítra) og verði á mjólk í eins lítra fernu hins vegar (121 króna á lítra). Þ.e.a.s. það virðist mat nefndarinnar að kostnaður við þókkun hvers lítra sé 16 krónur.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem mér hefur tekist að afla mér kostar pappírfernan sjálf komin í átöppunarsal á bilinu 16 til 18 krónur. Þá á eftir að koma mjólkinni í fernuna. Til þess að gera það þarf mikið húsnæði, stóra og dýra vélasamstæðu auk nokkurs mannafla. Varlega áætlað kostar það 10 krónur á hvern lítra að koma mjólkinni úr tanknum í fernuna.

Helstu kaupendur ópakkaðrar mjólkur eru aðilar sem eru í samkeppni við Mjólkursamsölu í framleiðslu og sölu afurða sem unnar eru úr ópakkaðri mjólk. Í Verðlagsnefnd búvara sitja fulltrúar bænda og fulltrúar afurðastöðva (sem eru sameignarfyrirtæki bænda!), fulltrúi atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins auk fulltrúa velferðarráðuneytisins sem ætlað er að gæta „hagsmuna“ neytenda, en því hlutverki sinntu fulltrúar ASÍ og BSRB áður. Afurðastöðvafulltrúarnir mata nefndina á upplýsingum um framleiðslukostnað og á grundvelli þeirra upplýsinga ákveður nefndin heildsöliverð hinna ýmsu afurða. Í

LANDBÚNAÐUR



Þórólfur Matthíasson
prófessor

→ Það er ekki nóg að láta fulltrúa Mjólkursamsölu segja sér hvað kostar að tappa mjólk á fernu. Það þarf að afla sjálfstæðra upplýsinga.

fréttatilkynningu verðlagsnefndarinnar er lögð áhersla á að samþykktir hennar hafi verið samhljóða.

Dæmið hér að ofan um vanmat nefndarinnar á kostnaði við átöppun mjólkur á fernu benda til þess að fulltrúar ráðuneytanna tveggja hafi ekki sinnt upplýsingaöflunarskyldu sinni af þeirri kostgæfni sem eðlilegt er og búvörulög kveða á um. Það er ekki nóg að láta fulltrúa Mjólkursamsölu segja sér hvað kostar að tappa mjólk á fernu. Það þarf að afla sjálfstæðra upplýsinga. Sem er auðvelt því Mjólkursamsalan er ekki ein um að tappa vökva í TetraPakk-umbúðir hér á landi!

Í ljósi þess að miklir hagsmunir samkeppnisaðila Mjólkursamsölu annars vegar og neytenda hins vegar eru í húfi fer ég fram á að Verðlagsnefnd búvara endurskoði verðlagningu sína frá 17. júlí 2015 og lækki heildsöliverð á ópakkaðri mjólk um minnst 10 krónur á lítrann. Jafnframt fer ég fram á að nefndin geri opinberlega grein fyrir rökstuðningi fyrir verðbreytingum sem ákveðnar voru nú í júlí. Geti nefndin það ekki er eðlilegt að auglýsingin frá 17. júlí verði dregin til baka uns ákvörðun sem þolir almenna skoðun liggur fyrir. Jafnframt skora ég á Alþingi að fella mjólkurframleiðsluna undir samkeppnislög við allra fyrsta tækifæri.



LJÚFFENGA HEILHVEITIKEXIÐ SEM ALLIR ELSKA



NÚ Í NÝJUM UMBÚÐUM



GRAHAMSKEX
WHOLE WHEAT BISCUITS

SÁTTARDAGAR

TAKTU ÍSLENSKA SUMARIÐ Í SÁTT
OG NJÓTTU ÞESS EINS OG ÞAÐ ER

20% AFSLÁTTUR*
AF ÚTIVISTARFATNAÐI
OG ÚTIVISTARVÖRUM

30% AFSLÁTTUR*
AF TJÖLDUM



*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

ÚTILÍF

síðan 1974

utilif.is

MERKISATBURÐIR

1183 Sturla Pórðarson í Hvammi í Dölum lætur lífið, 58 ára. Hann er héraðsríkur og mikill höfðingi, ættfaðir Sturlunganna.

1808 Skipið Salomine, sem er enskt skip með 20 fallbyssur, kemur til Reykjavíkur og rænir fjárhirslu landsins.

1929 Jarðskjálfti verður í Brennisteinsfjallum austan Krýsvíkur og er talinn hafa verið 6,3 stig. Skjálftinn fannst greinilega í Reykjavík og víðar og urðu skemmdir nokkrum á húsum.

1950 Hátið er haldin í klettavíginu Borgarvirki í Húnavatnssýslu í tilefni af því að fornar hleðslur þar höfðu verið endurnýjaðar. Klettavígið er talið vera frá landnámsöld.



Ástkær móðir okkar,

HAFDÍS INGVARSDÓTTIR

Hábergi 5, Reykjavík,
(lengst af í Kópavogi),



lést þann 18. júlí sl. á líknaardeild Landspítalans umvaðin fjölskyldu og vinum. Útförin fer fram frá Háteigskirkju, þriðjudaginn 28. júlí kl. 13.00.

Ingvor Örn Hilmarsson
Svana Fjóra Hilmarsdóttir
Birna Svanhvít Hilmarsdóttir



VALDIMAR KARLSSON

stýrimaður og skipstjóri,



er látinn. Útför hans fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 29. júlí kl. 13.00.

Aðstandendur



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

HELENA G. GUNNLAUGSDÓTTIR

lífeindafræðingur,



lést að heimili sínu í Lundi, Svíþjóð, sunnudaginn 28. júní. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 24. júlí kl. 13.30.

Guðmundur Örn Gunnarsson
Lilja Guðmundsdóttir
Hulda Edda Guðmundsdóttir
Anna Hildur Guðmundsdóttir
og barnabörn. Fredrik Ákesson
Gustav Nilsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

JÓHANNA BJÖRNSDÓTTIR

Mýrabraut 10, Blönduósi,



sem lést á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi fimmtudaginn 16. júlí, verður jarðsöngin frá Blönduóskirkju laugardaginn 25. júlí kl. 14.00.

Sigprúður, Birna,
Guðmundur, Sigurbjörg Sigfúsarborn
og fjölskyldur.



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

HALLDÓR EINARSSON

Setbergi,



andaðist laugardaginn 18. júlí. Útförin mun fara fram frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 28. júlí kl. 13.00.

Unnur I. Jónsdóttir
Pórdís Halldórsdóttir
Halldór Magnús Guðbjartsson
Guðbjartur Magnússon



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

EDDA ÓSKARSDÓTTIR

Kópavogsbraut 1a,



verður jarðsöngin frá Kópavogskirkju, föstudaginn 24. júlí, klukkan 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélag.

Óskar Guðjónsson
Jón Steinar Guðjónsson
Guðlaugur H. Guðjónsson
Elín Björg Guðjónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn. Konný R. Hjaltadóttir
Anna P. Guðmundsdóttir
Guðrún S. Jónsdóttir
Ólafur J. Stefánsson

PETTA GERDIST: 23. JÚLÍ 2011

Amy Winehouse lést á heimili sínu

Breska sönggyðjan Amy Winehouse var á tímabili ein vinsælasta söngkona heims. Hún vakti mikla athygli fyrir einstaka rödd og tónlistarstíl. Á sínum yngri árum söng hún á hinum ýmsu „jazz-búllum“ í London þangað til hún var uppgötvað. Amy var oft í fréttum vegna fíkniefnaneyslu sinnar.

Amy átti stórmassamt samband við breskan dreng að nafni Blake Fielder-Civil. Hann hefur viðurkennt að hafa gefið Amy hættuleg eiturflyf fyrir fyrsta skiptið. Hann

fór í fangelsi á meðan á sambandi þeirra stóð.

Amy lést úr áfengiseitrun en hún hafði þá að mestu náð að hætta neyslu eiturflyfja. Lífvörður hennar kom að henni látinni á heimili hennar í Camden í London. Nýverið var gerð heimildarmynd um ævi Winehouse. Myndin hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda en fjölskyldan hennar er ekki ánægð með vinnslu myndarinnar og segir hana gefa ranga mynd af lífi söngkonunnar.



INGA FRIÐJÓNSDÓTTIR Umsjónarkona hjá Skapandi sumarstörfum í Kópavogi segir lokahátíðina í kvöld vera einstakt tækifæri fyrir unga listamenn til þess að njóta sín.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ungt listafólk í Kópavogi sýnir afrakstur sumarsins

Skapandi sumarstörf í Kópavogi sýna á lokahátíð í kvöld. Fjölbreytt dagskrá er í boði. Allt frá stuttmyndum til fatahönnunar verður til sýnis í Molanum í Kópavogi.

Í kvöld verður haldin lokahátíð skapandi sumarstarfa í Kópavogi. Þetta verður í tíunda skiptið sem skapandi sumarstörf sýna afrakstur sinn. Inga Friðjónsdóttir er umsjónarmaður í Molanum í Kópavogi sem hýsir starfseminna. „Krákkarnir sem eru að vinna hjá okkur eru á aldrinum 18 til 25. Þeir eru alls 24 en starfa í 16 hópum og verkefnið eru mjög mismunandi. Þau eru mjög frjáls og fá að vinna í verkunum sínum í átta vikur hjá okkur.“ segir Inga.

Meðal þess sem verður sýnt í kvöld verða fjórar stuttmyndir, tónlistaratriði, fatalína, ljóð og myndlist. „Starfið í ár hefur verið með svipuðu sniði og seinustu ár en þetta fer í raun allt eftir því hvaða verkefni krákkarnir vilja gera. Þegar sótt er um hjá okkur þá skiptir miklu máli að vera með flotta umsókn og skýra hugmynd um það hvert verkefnið mun vera. Svo fá þau

að starfa við þetta í átta vikur á sumrin. Sumir eru alltaf hér í Molanum að vinna en aðrir eru úti um allan bæ eða að vinna heima hjá sér. Nokkrir hafa verið hjá okkur í nokkur ár en það þarf alltaf að sækja um aftur frá byrjun.“

Undirbúningurinn fyrir lokahátíðina hefur í raun verið í gangi allt sumarið en nú er allt að smella saman. „Við erum að leggja lokahönd á sýningarrýmið. Hátíðin hefst klukkan sex í kvöld með nokkrum ræðum en svo byrjar tónlistardagskráin. Í ár höfum við ákveðið að breyta til og leyfa hverju verkefni að njóta sín. Við erum búin að stækka sýningarplássid og verðum meðal annars með nokkur verk í bílakjallaranum. Í lokin verða stuttmyndirnar sýnar. Við verðum með vænar veigar og drykki í boði fyrir gesti og gangandi.“

Skapandi sumarstörf eru leið fyrir bæjarfélög að gefa ungum listamön-

„Þegar sótt er um hjá okkur þá skiptir miklu máli að vera með flotta umsókn og skýra hugmynd um það hvert verkefnið mun vera. Svo fá þau að starfa við þetta í átta vikur á sumrin.“

um tækifæri til að þróa sínar eigin hugmyndir og verkefni. Í gegnum tíðina hefur ungt fólk í Kópavogi verið að vinna að mismunandi verkefnum sem hafa vakið athygli líkt og tónleikar í strætisvögnum, málverk á göngustígunum og myndlistarsýningar í verslunarstöðvum svo að fátt eitt sé nefnt. Lokahátíðin í kvöld verður ekki síðri en fyrri sýningar og er búist við fjölda manns í Molann klukkan sex í kvöld.

gunnhildur@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

ÁSA ÓLAFSDÓTTIR

frá Ánabrekku,



sem andaðist í Brákarhlíð, Borgarnesi, 4. júlí síðastliðinn, verður jarðsöngin frá Borgarnesirkirkju mánudaginn 27. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu, er bent á Minningarsjóð Brákarhlíðar – sjá heimasíðu www.brakarhlid.is.

Ragnheiður Jóhannesdóttir
Hjördís Smith
Stefán Ólafsson
Ólafur Harðarson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

SVAVA SUMARRÓS ÁSGEIRSDÓTTIR

Laugarnesvegi 87,




sem lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 20. júlí, verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 29. júlí kl. 11.00.

Ásgerður Þórisdóttir
Esther Þorvaldsdóttir
Matthias Gísli Þorvaldsson
börn og barnabörn. Kristinn Sigmundsson
Guðjón Kristleifsson
Ljósbrá Baldursdóttir

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Miðbæjarstill
Svanhildur Heiða
Snorradóttir vekur oft
athygli fyrir skemmti-
legan klæðaburð.
SÍÐA 2



**Konur og
mótorhjól**
Nú stendur yfir
sýning á Akur-
eyri á mótorhjólum
og munum sem
tengjast þeim.
SÍÐA 4

TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ



Hnífaparatóskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

GÍTARÓLIN VEKUR ALLTAF ATHYGLI

MEÐVITUÐ Unnur Sara Eldjárn, söngkona og lagahöfundur, klæðir sig öðru-
vísi þegar hún kemur fram sem tónlistarmaður en þegar hún fer í partí. Hún
hefur gaman af áberandi fylgihlutum og þar er gítaról í miklu uppáhaldi.

Unnur Sara Eldjárn, söng-
kona, gítarleikari og
lagahöfundur, bjó sér til
fatastíl sem tónlistarmaður sem
Ásgeir Ásgeirsson hefur verið einn mest áberandi gítarleikari þjóðarinnar um árabíl. Verið marg oft tilnefndur til íslensku tónlistarverðlaunanna í poppi og djassi og flokknum önnur tónlist. Ásgeir kemur reglulega fram með Páli Óskari, Ragnheiði Gröndal og Guðrúnu Gunnars sem og með alþjóðlegu balkansveitinni sinni Skuggamyndum frá Býsans.

Ásgeir ætlar að fagna útgáfunni með tónleikum í Silfurbergi í Hörpu þann 13. ágúst næstkomandi.

STÖÐ 2 KYNNIR

Í SAMSTARFI VIÐ HLJÓÐX

HÁSKÓLABÍÓ LAUGARDAGINN 26. SEPTEMBER

BESTU LÖG BJÖRGVINS

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON VERÐUR Á PERSÓNULEGUM NÓTUM OG FLYTUR MÖRG AF SÍNUM BESTU LÖGUM ÁSAMT FRÁBÆRRI HLJÓMSVEIT

MÍÐASALA HAFIN Á MÍÐI.IS OG Í SÍMA 540 9800



HLJÓÐX



midi.is

AFMÆLISBARN DAGSINS



26 ára Daniel Radcliffe, leikari
Pekktastur fyrir: Harry Potter

BÍÓFRÉTTIR

Leikstýrir þáttaröð

Leikkonan Cate Blanchett mun leikstýra nýrri ástralskri sjónvarpsþáttaröð sem heitir Stateless. Þáttaröðin fjallar um sögu Corneliu Rau sem var ranglega haldið fanginni sem ólöglegum innflytjanda í Ástralíu. Þetta verður í fyrsta sinn sem Blanchett spreytir sig bak við myndavélina en hún hefur leikið í fjölda þekktara kvikmynda á borð við The Lord of the Rings, Blue Jasmine og Elizabeth.



FRUMSÝNINGAR



Amy Heimildarmynd
Fram koma: Amy Winehouse, Yasiin Bey, Mark Ronson, Pete Doherty, Mitch Winehouse
Frum-sýnd: 29. júlí

IMDb 8/10 Rottentomatoes 97%



Mission Impossible: Rogue Nation
Hasarmynd
Aðalhlutverk: Tom Cruise, Simon Pegg, Alec Baldwin, Rebecca Ferguson og Jeremy Renner
Frum-sýnd: 29. júlí



Southpaw
Hasar- og dramamynd
Aðalhlutverk: Jake Gyllenhaal, Rachel McAdams, Forest Whitaker og 50 Cent.
Frum-sýnd: 12. ágúst

IMDb 8,4/10 Rottentomatoes 71%

Búinn að brosa síðan á forsýningunni

Leikstjóri og handritshöfundur Webcam, Sigurður Anton Friðþjófsson, er sjálfærður í kvikmyndagerð og hefur skrifað frá unga aldri.

Kvikmyndin Webcam var frumsýnd á miðvikudaginn í síðustu viku.

Myndin fjallar um Rósalind, unga stúlku sem fer að vinna fyrir sér með því að fækka fötum fyrir framán vefmyndavél, og hvaða áhrif það hefur á sambönd hennar við vini, fjölskyldu og kærasta.

Sigurður Anton Friðþjófsson leikstýrir myndinni og skrifar jafnframt handritið. Er þetta önnur kvikmynd hans í fullri lengd en hann hafði lengi stefnt á að starfa við kvikmyndagerð.

Sjálflærður í kvikmyndagerð

„Ég er sjálfærður og hef ekki verið að gera neitt annað núna í rúmlega þrjú ár. Þetta er það sem mig hefur langað til þess að gera síðan ég man eftir mér, semja og leikstýra,“ segir Sigurður en hann hefur haft gaman af því að skrifa frá unga aldri. „Alveg síðan ég man eftir mér, frá því ég lærði að skrifa,“ segir hann og hlær.

Sigurður skrifar mikið og situr við tímum saman og segir viðveruna skipta máli og skila sér. „Ég skrifa á hverjum einasta degi, öll kvöld og fleiri klukkutíma oft. Oftast kemur ekkert, eða bara eitthvert drasl og maður verður bara að halda áfram að skrifa,“ segir hann og bætir glaðlega við að vissulega komi eitthvað nothæft út úr skrifunum endrum og eins.

Saga af ást og vináttu

Við handritaskrifin lagðist Sigurður einnig í heimildarvinnu og kynnti sér heim þeirra stúlkna sem starfa sem „camgirls“, líkt og Rósalind gerir í myndinni. Stúlkunum, sem voru allar útlenskar, hafði hann upp á á netinu og spjallaði meðal annars við þær í gegnum vefsíðuna Tumblr þar sem hægt var að senda spurningar beint til stúlkna. „Ég var með einhverja þínu fordóma fyrst

en þetta voru alltaf ótrúlega eðlilegar stelpur sem komu frá eðlilegum fjölskyldum og fundu þetta og voru að vinna við það,“ segir hann. „Þó þetta sé svona „hookið“ þá er þetta bara hluti af myndinni, hún er fyrst og fremst ástar- og vináttu saga.“

Sigurður íhugaði leiklist áður en hann ákvað að kvikmyndagerð væri það sem hann vildi starfa við. „Þegar ég var krakki langaði mig til þess að verða leikari en um leið og ég vissi hvað leikstjórn var og að það væri einhver sem réði öllu og stjórnaði fattaði ég að það var það sem mig langaði til þess að gera,“ segir Sigurður og bætir hlæjandi við að kvikmyndagerðin sé eina sviðið þar sem hann vilji fá að stjórna.

Sextán tókudagar

„Hún var tekin upp í kringum síðustu áramót, í desember og janúar. Það voru sextán tókudagar sem er mjög lítið og fólk varð mjög hissa þegar við sögðum frá því,“ segir Sigurður og bætir við að tókurnar hafi gengið framur vonum. „Það var mjög sjaldan eitthvert stress og meira að segja slatti af „down-time“ og svona.“

Hann segir ástæður þess hve vel gekk hafi verið þær að vel hafi verið æft og planað, einnig hafi spilað stóran þátt hversu vel allir á bak við myndavélarnar þekktust. „Við þekkjumst rosalega vel og vitum hvað við viljum og erum að stefna að. Við höfum gert jóladagatal sem fór á netið 2013 og aðra mynd í fullri lengd sem var sýnd einu sinni í BíóiParadis.“

Með ákveðna leikara í huga

Aðstandendur myndarinnar hafa margir hverjir unnið áður saman í öðrum verkefnum og segir Sigurður það enga tilviljun, hann reyni að halda í fólk sem honum líkar vel við og þyki gott að vinna með.



„Það er mjög gott að ímynda sér einhvern vera að leika hlutverk þegar maður er að skrifa það,“ segir hann en öll hlutverk in í myndinni skrifaði hann með ákveðna leikara í huga, fyrir utan hlutverk Rósalindar sem leikin er af Önnu Hafþórsdóttur. „Ég kynntist henni bara tveimur mánuðum áður en æfingar hófust og eftir það kom engin önnur til greina.“ Bestu vinkonu Rósalindar, Agú, leikur Telma Huld Jóhannesdóttir og önnur hlutverk eru í höndum Ævars Más Ágústssonar, Gunnars Helgasonar, Júlís Heiðars Halldórsssonar og Magnúsar Thoroddsen Ívarssonar sem einnig framleiðir myndina.

Hættir ekki að brosa

Spurður út í næstu verkefni segir hann ekkert komið á hreint með þau enn sem komið er. „Ég er að reyna að skrifa á hverjum degi en mér dettur ekkert í hug af því ég er svo hamingjusamur með viðtökurnar að ég hugsa ekki um neitt

„Pegar ég var krakki langaði mig til þess að verða leikari en um leið og ég vissi hvað leikstjórn var og að það væri einhver sem réði öllu og stjórnaði fattaði ég að það var það sem mig langaði til þess að gera.“

annað, það kemst ekkert annað að,“ segir hann glaður í bragði en myndin hefur fengið góðar viðtökur og eru Sigurður og aðstandendur myndarinnar að vonum ánægðir með það. „Ég er bara í skýjunum.“ Myndin var frumsýnd í síðustu viku og neitar hann ekki að það hafi óneitanlega verið örlítið stress í kringum frumsýninguna. „Það var rosalega mikið stress en líka rosalega mikil hamingja. Ég er kominn með verk í

ÁNÆGDUR

Sigurður Anton hefur ekki hætt að brosa síðan á forsýningu myndarinnar og er kominn með verk í kinnarnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANDRIMARINÓ



WEBCAM Á veggspjaldi myndarinnar má sjá aðalleikkonurnar, þær Önnu Hafþórsdóttur og Telmu Huld Jóhannesdóttur.

kinnarnar af því að ég bara hætti ekki að brosa,“ segir hann alsæll að lokum. gydaloaofrettabladid.is

Ertu komin með appið í símann ?

www.fasteignir.is

vísir

Sumargræjur

í bílinn, bústaðinn, ferðalagið, ævintýrin, eyrun og fyrir augað

NÝTT TOPPMERKI í sjónaukum - hagstætt verð



Hágæða sjónaukar með lífstíðarábyrgð. Allar gerðir í gluggakistuna, bílinn, bokpakann, ferðalagið, gönguferðina, fjallgönguna og veiðina.

Vatnsheldir og niturfylltir frá 14.900,- kr.

Verð frá: 3.990,-



Nintendo Wii U Premium Pack

Fáanleg í tveimur pökkum.

Mario Kart 8 og The Legend of Zelda: The Windwaker

Verð: 69.900,-



Pioneer

Bíltæki

FM/LW, Geislaspilari, USB og Aux. Fáanlegir með Bluetooth, litabreytingum í skjám og öðrum möguleikjum.

Verð frá 17.900,-



veho.
Sportmyndavélar

NPNG útgáfa - 1080@60fps og 720p@120fps - Innbyggð WiFi tenging - Snjallforrit fyrir Android og Apple iOS - 16MP ljósmyndir - LCD Skjár og losanleg 1500mAh rafhláða - Vatnshelt hylki á 100m fylgir - Festingar og 8GB kort fylgja - Kemur í með flottri tösku.

TILBOÐ

Verð: 46.900,-



Pioneer

Heimabíómagnarar.
Kraftmiklir og ómótstæðilegir.

Verð frá: 55.900,-



Pioneer

MJ532 heyrnartól. Samanbrjótanleg. Fáanleg í 4 litum.

Verð: 8.690,-



NINTENDO 3DS

Lego Jurassic World
Wii U - 12.490,-kr.

Lego Jurassic World
3DS - 9.990,- kr.



GoGroove FlexSmart X3 Bluetooth FM Sendir. Hágæða hljómburður í gegnum Bluetooth. Tengist í 12v tengi. Langur hreyfanlegur háls. USB tengi til að hláða önnur tæki Aux-in tengi. Virkar vel með Spotify.

Verð: 13.900,-




Pioneer

XW-LF1-K/W

2x40mm full range hátalarar m. Dynamic Range Control.

Verð: 29.900,-



JAMO S628 eru einfaldlega með því allra besta þegar kemur að alvöru hátölurum.

Verð: 135.900,-



SANGEAN



WR-15 Borðútvarp. Hágæða hljómburður m. bassatækni. Sterkt loftnet með góðri móttöku. Innbyggð Bluetooth tenging við snjalltæki m. NFC. Falleg „Retro“ hönnun. Aux-in og heyrnartólatengi. Fáanlegt í 5 litum.

Verð 35.900,-



Verbatim

Verbatim V3 USB3.0 Minnislyklar
8GB - 256GB

Verð frá: 1.990,-



Pioneer

X-SMC01BT

Vegghengjanleg stæða - FM útvarp með stöðvaminni - Innbyggt Bluetooth - Geislaspilari- USB - Heyrnartól - Aux-in - Fjarstýring fylgir - Fáanleg í svörtu, silfur og hvítu.

Verð 35.900,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ormsson.is



ORMSSON

Greiðslukjör

Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÓÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	-----------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------

LÍFIÐ

TREND

VÍNRAUTT Í HAUST

Ef eitthvað er að marka tískulínur stóru tískuhúsanna fyrir haustið þá verður vínráður aðalliturinn. Það er ekki svo langt síðan vínrátt var í tísku en eins og flestir vita fer tískan í hring, mishratt þó.



RAUTT Í HAUST
Vínrauður hefur verið áberandi á pöllunum fyrir haustið.



KENDALL JENNER
Klæddist fallegum vínráðum kjól í vikunni.



GLÆSILEG
Þessi stállega kona var glæsileg á tískuvikunni í París og tók vínráða litinn alla leið í dragt og bol í litnum.



GIVENCHY
Riccardo Tisci er einn af hönnuðunum sem notuðu vínráða litinn mikið fyrir haustlínuna.



VÍNRAUÐ DRAGT
Vínrauðar buxna-dragtir sástu á tiskupöllum fyrir haustið enda smart samsetning. MYNDIR/GETTY

Peir bestu settir saman í hljómsveit

Roger Taylor og Brian May, meðlimir Queen, völdu einstaklinga í hljómsveitina Queen Extravaganza. Fréttablaðið talaði við Taylor um tónlistina.

Gunnar Leó Pálsson

gunnarleo@frettabladid.is



Hin eina sanna Queen-heiðurshljómsveit, sem ber titillinn Queen Extravaganza, er á leið hingað til lands en sveitin var hugsuð og sköpuð sérstaklega til að koma lögum hljómsveitarinnar Queen til nýrra og gamla aðdáenda alls staðar í heiminum. Meðlimir sveitarinnar voru sér valdir af Roger Taylor, trommu-leikara Queen, og Brian May, gítarleikara Queen. „Þessi hljómsveit var sett saman árið 2011 og hún kom fyrst fram í American Idol árið 2012. Við settum saman þessa hljómsveit sem eins konar mótefni gegn mörgum öðrum Queen-heiðurshljómsveitum, því margar þeirra eru ekki eins góðar og við hefðum viljað,“ segir Roger Taylor, trommu-leikari Queen, spurður út í upphaf Queen Extravaganza. Trommarinn var ekkert of hrifinn af þeim Queen-heiðurshljómsveitum sem hann hafði séð og heyrt af. „Queen Extravaganza á ekki að bregða sér í líki Queen heldur á hún að syngja og spila tónlistina okkar vel og fallega. Að sjá þessa hljómsveit á tónleikum er upplifun sem ég mæli með.“

Taylor og May fundu réttu aðilana í hljómsveitina með heljarinnar leit sem fram fór í gegnum netið. Fólk alls staðar að úr heiminum sendi inn kynningarmyndbönd af sjálfu sér í von um að komast í hljómsveitina. Söngvari Queen Extravaganza, Marc Martel, sendi inn kynningarmyndband og er það komið með nærri 10 milljón áhorf á Youtube.

Mikið er til af svokölluðum heiðurshljómsveitum sem leika tónlist annarra hljómsveita en hvað hefur Taylor að segja um slíkar hljómsveitir, er of mikið til af svona heiðursveitum? „Eins mikill heiður og hrós það er að hafa hljómsveitir sem spila lögin manns þá finnst mér vera of mikið af þeim. Það eru of margar hljómsveitir, of margar hljómsveitir sem eru að villa á sér heimildir og oft ekki nógu mikil gæði í tónlistinni hjá þeim,“ segir Taylor.

Hin eina sanna Queen-heiðursveit hefur farið um allan heim og hafa tónleikar hennar fengið frábæra dóma. Þegar hún var stofnuð voru Taylor og May þó talsvert í kringum sveitina enda sveitin þeirra hugmynd. „Ég tek meira þátt í starfsemi sveitarinnar í dag heldur en Brian því hans tími fer mest í það að bjarga loðnum dýrum,“ segir Taylor léttur í lundu. „Upphaflega hannaði ég prógramm fyrir sveitina en nú eru þeir mun sjálfstæðari og vita alveg hvað aðdáendurnir vilja heyra. Þeir vinna líka með Spike Edney, sem spilaði mikið með okkur og var tónlistarstjóri okkar, við að velja lög til að spila.“

Taylor og May hafa báðir spilað með hljómsveitinni því þeir komu fram með henni í American Idol á sínum tíma til þess að kynna hana með glæsibrag. Um þessar mundir eru þessar tvær goðsagnir úr roksöggunni enn að túra um heiminn með sinni hljómsveit, Queen. „Við erum að fara í tónleikaferða-



MIKIL UPP-LIFUN Roger Taylor, trommu-leikari Queen, segir það mikla upplifun að sjá Queen Extravaganza og mælir með henni.

NORDICPHOTOS/GETTY



PRUSU PRENNA Söngvarinn Adam Lambert hefur verið að túra með Queen að undanförunu. Hér er hann ásamt gítarleikaranum Brian May og Roger Taylor.



TROMMAR Roger Taylor er enn að spila á fullu um allan heim með Queen.



„Eins mikill heiður og hrós það er að hafa hljómsveitir sem spila lögin manns þá finnst mér vera of mikið af þeim. Það eru of margar hljómsveitir, of margar hljómsveitir sem eru að villa á sér heimildir og oft ekki nógu mikil tónlistarleg gæði hjá þeim.“

lag með Adam Lambert með okkur, um Suður-Ameríku í september. Við erum nýkomnir úr tónleikaferð um Bandaríkin, Evrópu, Ástralíu og Asíu,“ segir Taylor.

Spurður út í Ísland segist Taylor hlakka mikið til að heimsækja Ísland. „Ég hlakka mikið til að koma til Íslands, ég stefni á að koma þangað í framtíðinni. Því miður komumst hvorki ég né Brian með til landsins núna,“ segir Taylor, en hvað segir hann um íslenska tónlist? „Ég hef hitt marga spennandi og frjóa tónlistarmenn frá Íslandi. Hljómsveitin

Sigur Rós er í uppáhaldi hjá mér,“ segir Taylor.


Það eru eflaust ansi margir Íslendingar sem væru til í að fá hina einu sönnu Queen til að halda tónleika hér á landi. Er einhver sés á að Queen komi fram á tónleikum á Íslandi? „Það er ekkert ómögulegt en það er samt ekkert planað eins og er. Ég myndi allavega vilja koma!“

Tónleikar Queen Extravaganza fara fram í Eldborgarsal Hörpu þann 15. og 16. ágúst. Uppselt er á fyrri tónleikana en til eru miðar á þá seinni.



QUEEN EXTRAVAGANZA Sveitin var sett saman sem eins konar mótefni gegn mörgum öðrum Queen-heiðurshljómsveitum, því margar þeirra voru ekki eins góðar og Taylor og May hefðu viljað.

ÓDÝR SJÓNVRÖRP



32"

UNITED LED32X16T2

- Einfalt og gott 32" sjónvarp
- 1366x768 punkta HD upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn DVB-T2+C móttakari
- USB margmiðlunartengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi

TILBOÐ

39.990

FULLT VERÐ 49.990

40"

UNITED LED40X16T2

- Einfalt og gott 40" sjónvarp
- Háskerpu 1920x1080 punkta FHD upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn DVB-T2+C móttakari
- USB margmiðlunartengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi

TILBOÐ

59.990

FULLT VERÐ 69.990

Sjónvarpsmiðstöðin

UNITED

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Klassískir kanilsnúðar með súkkulaðiglassúr

Það er alltaf gott að eiga heimabakaða kanilsnúða með kaffinu og þeir eru líka góður ferðafélagi í útilegum.

Deig

500 g hveiti
100 g sykurl
1 tsk. vanillusykurl
2½ tsk. þurrger
250 ml mjólk
70 ml ljós olía
2 egg
1 tsk. salt

Fylling

50 g sykurl
100 g smjör
2-3 msk. kanill

Blandið öllum þurrrefnum í deigið vel saman, bætið vökvanum út í og hnoðið vel. Breiðið rakt viskustykki yfir skálina og látið deigið hefast í 30-40 mínútur. Á meðan er kjörið að útbúa fyllinguna. Hitið smjör í potti en bræðið það ekki alveg og bætið sykri og kanil saman við.

Pegar deigið hefur hefað sig er það flatt út og smurt með fyllingunni. Rúllið deiginu upp og skerið í hæfilega marga snúða. Raðið snúðunum í ofnskúffu sem

klædd er bökunarpappír. Leggið rakt viskustykki yfir þá og látið standa í 30 mínútur áður en þeir fara inn í ofn. Bakið snúðana við 170°C í 13-15 mínútur.

Súkkulaðiglassúr

100 g smjör, brætt
300 g flórsykurl
1 tsk. vanillusykurl
50 g kakó
3 msk. sterkt uppáhellt kaffi
1 msk. mjólk

Blandið öllum hráefnunum í glassúrinn saman og smyrjið á snúðana eftir að þeir hafa kólnað, til gamans er einnig hægt að strá kókospjöli yfir snúðana eftir að glassúrinn hefur verið settur á þá.

Uppskriftn gefur um 16 kanilsnúða sem kjörið er að njóta með ískalt mjólkurglas við hönd.

Uppskrift fengin af evalaufeykjaran.com



Kassamerkið „litelime“ slær í gegn

Það hefur farið mikið fyrir kassamerkinu sem Lóa Björk Björnsdóttir byrjaði með á Twitter og hefur slegið í gegn. Yfir 60 manns hafa notað það en Lóa segir að það sé engin ein leið til þess fá eitthvað til að slá í gegn á netinu. Lite Lime hefur selst upp í nokkrum vínbúðum.

Virkir Twitter-notendur hafa eflaust tekið eftir kassamerkinu „litelime“ en það var Lóa Björk Björnsdóttir sem kom því af stað. Kassamerkið snýst um sumarbjör frá Vífilfelli sem kom nýverið í sölu og vegna mikilla vinsælda á Twitter er hann nær uppseldur í vínbúðum höfuðborgarsvæðisins. „Ég hef ekki hugmynd um af hverju þetta sprakk svona. Þetta byrjaði allt saman þegar ég var í partí og tók mynd af öllum vinum mínum með björinn og setti þær á Twitter. Nánustu vinirnir byrjuðu strax að taka undir sama kvöld. Svo fann vinur minn upp á kassamerkinu en ég held að það sé einn mikilvægasti hluturinn þegar eitthvað verður vinsælt á netinu í dag,“ segir Lóa.

Eftir að kassamerkið fór á flug og alls konar fólk var byrjað að taka myndir af sér með björinn ákvað Lóa að prufa að hafa samband við Vífilfell. „Ég sendi á þau póst og sagði þeim frá þessu. Þau gáfu mér í kjölfarið 96 bjóra og voru spennat að fylgjast með þessu áfram. Þetta á fyrst og fremst að vera fyndið og skemmtilegt. Ég held að ein af ástæðunum fyrir því að fólk sé að taka þátt sé að það skilur þetta ekki alveg enda meikar þetta í raun engan sens.“

„Ég er búin að vera virk á Twitter frá árinu 2011 og er komin með nokkra fylgjendur og mínir fylgjendur eru með fullt af þeirra eigin fylgjendum. Ég veit samt ekki af hverju þetta sprakk svona út. Það er engin uppskrift af því að láta eitthvað slá í gegn á Twitter.“

Íslenska Twitter-samfélagið er mjög lítið en virkt. „Ég er búin að vera á Twitter frá árinu 2011 og er komin með nokkra fylgjendur og mínir fylgjendur eru með fullt af sínum eigin fylgjendum. Ég veit samt ekki af hverju þetta sprakk svona upp en mér finnst það ótrúlega fyndið. Það er engin uppskrift að því að láta eitthvað slá í gegn á Twitter. Vinir mínir byrjuðu að taka þátt í þessu og ég tvíta reglulega um þetta. Þetta er að hafa einhver áhrif en ég var á LungA í seinustu viku og þá voru mjög margir með Lite Lime með sér og mér fannst það skemmtilegt.“

-gj



VINSÆL Á TWITTER Þökk sé vinsældum Lóa hefur kassamerkið „litelime“ slegið í gegn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SUMARTILBOÐ Í 3 DAGA

FRÁ FIMMTUDEGI TIL LAUGARDAGS

20% AFSLÁTTUR

Tösku og hanskabúðin • Laugavegi 103, við Hlemm • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is



SMART Helstu tískuhönnuðir hafa barist um að fá að gera fót á Caitlyn Jenner.

NORDICPHOTOS/GETTY

Caitlyn með þeim best klæddu samkvæmt tímariti Vogue

Caitlyn Jenner hefur rækilega stimplað sig inn sem ein glæsilegasta kona Hollywood nú þegar tískubíllan Vogue nefndi hana eina af best klæddu konunum. Hún var þar í öðru sæti á listanum á eftir fyrirsætunni Olivia Palermo. Það sem skaut Caitlyn svo ofarlega var hvítur Versace-kjöll sem

hún klæddist þegar hún tók á móti Arthur Ashe Courage-verðlaununum á Espy-hátíðinni á dögunum.

Helstu tískuhönnuðir hafa slegist um að fá að klæða Caitlyn í sínar finustu flíkur þannig að það verður spennandi að sjá hverju hún mun klæðast á næstu árum.

BERJADAGAR

Ómótstæðilega safarík ber
á ótrúlega góðu verði



329 kr. stk.

RIFSBER 125 G

329 kr. stk.

BRÖMBER 125 G

229 kr. stk.

DRISCOLLS JARÐARBER
250 G ASKJA

649 kr. stk.

BLÁBER 510 G

269 kr. stk.

BLÁBER 125 G



Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausn greiðslufrest.
Skráðu þig á www.netgiro.is

 **Netgíró**
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is Coca-Cola LAUGARÁS

LAUGARÁS BÍÓ Sýningartímar

PIXELS	2, 5, 8, 10:15
ANT-MAN 3D	8, 10:30
SKÓSVEINARNIR 2D	2, 4, 6
MINIONS 2D	4, 6
TED 2	10:35
JURASSIC WORLD 2D	8
SKÓSVEINARNIR 3D	2

SAMBIÓIN Sambio.is

SAMBIÓIN Sýningartímar

ANT-MAN 3D	KL. 5:50	EGILSHÖLL	KL. 5:30 - 8 - 10:30
ANT-MAN 2D	KL. 1:30 - 4:10 - 8 - 10:40	MAGIC MIKE XXL	KL. 5:30 - 8 - 10:35
ANT-MAN 2D VIP	KL. 2:30 - 5:20 - 8 - 10:40	SKÓSVEINARNIR 2D, 2D	KL. 5:30
MAGIC MIKE XXL	KL. 8 - 10:40	TERMINATOR 2D	KL. 8 - 10:35
SKÓSVEINARNIR 2D, 2D	KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	TED 2	KL. 5:30 - 8
SKÓSVEINARNIR 3D	KL. 1:30 - 3:40	TERMINATOR 3D	KL. 5:30 - 8
TERMINATOR 2D	KL. 8:20 - 10:50	ANT-MAN 3D	KL. 5:20 - 8 - 10:40
INSIDE OUT 2D, 2D	KL. 1 - 1:30 - 3:10 - 3:40 - 5:50	MAGIC MIKE XXL	KL. 5:30 - 8 - 10:30
ENTOURAGE	KL. 10:10	TERMINATOR 2D	KL. 10:10
JURASSIC WORLD 2D	KL. 5:50 - 8:20	INSIDE OUT 2D, 2D	KL. 5:50
SAN ANDREAS 2D	KL. 10:50	INSIDE OUT 2D, 2D	KL. 8

LAUGARÁS BÍÓ KEFLAVÍK

PIXELS 3D	KL. 8	ANT-MAN 3D	KL. 5:20 - 8 - 10:40
PAPER TOWNS	KL. 10:10	MAGIC MIKE XXL	KL. 8
ANT-MAN 3D	KL. 10:30	TERMINATOR 2D	KL. 10:40
SKÓSVEINARNIR 2D, 2D	KL. 8	INSIDE OUT 2D, 2D	KL. 5:40

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EDA APPELSINUGULLU KR. 950 Á APPELSINUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

Fræga fólkið á ferð og flugi



STUTT Í GRÍNID Fyrirsætan Cara Delevingne fer með hlutverk í myndinni Paper Towns. Hún gaf sér tíma fyrir myndatöku með aðdáendum á frumsýningunni í New York.



BLEIK Parish Hilton var ansi bleik þegar hún kynnti nýju þættina sína Foam & Diamonds á Spáni en margir muna eftir Hilton úr raunveruleikaþættinum The Simple Life.



STÓRAR HENDUR Jake Gyllenhaal lék Slapjack með risastórum gúmmíhöndum ásamt Jimmy Fallon þegar hann var gestur í spjallþætti Fallons og kynnti myndina Southpaw.



Í STUÐI Simon Cowell mætti í áheyrnarprufur fyrir sjónvarpsþáttinn X Factor á Wembley en prufurnar eru fyrir tólftu seríu þáttarins.



HANDBAND Karl Bretaprinns heilsar humri í heimsókn sinni á Fístral Beach í Cornwall á viðburðinum Surfers Against Sewage.

NORDICPHOTOS/GETTY

acer

Í SKÓLANN

ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS



1920x1080 FHD
ANTI-GLARE SKJÁR MED BLUELIGHT SHIELD!

NY VAR AB LENDA!

KEMUR Í PREMUR LITUM

acer

E5-552

NÝJASTA KYNSLÓÐ FARTÖLVA

Ný kynslóð fartölva með 4ra kjarna Carrizo örgjörva, öflugra þráðlausu neti, enn hraðari SSHD harðdisk og TrueHarmony hljóðkerfi.

- AMD A10-8700P Quad Core 3.2GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
- 8GB AMD R6 Carrizo DX12 skjákjarni
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.1, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Ready!

129.900

FÆST Í 3 LITUM

3 LITIR

1280x800 IPS
HD SKJÁR MED ALLT 20" TÖLVUSKJÁRHOORN!

20 PÚSUND AFSLÁTTUR!
VERÐ AÐUR 119.900

acer

V5-552G

8555GTK

acer

V5-552G

- AMD A8-5557M Quad Core 3.1GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 2GB HD8750M DUAL leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 4.0 Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
- 720p HD Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Ready!

99.900

VINSÆLASTA FARTÖLVAN OKKAR!)

1280x800 IPS
HD SKJÁR MED ALLT 20" TÖLVUSKJÁRHOORN!

10 PÚSUND AFSLÁTTUR!
VERÐ AÐUR 69.900

acer

SW5

acer

SWITCH10

8"

SWITCH10

- 10" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Quad Core Z3735F 1.83GHz Burst
- Intel HD Graphics DX11 skjákjarni
- 2GB DDR3L 1333MHz vinnsluminni
- 64GB SSD Flash og allt að 64GB microSD
- 500GB harðdiskur í lykklaborðsvögg
- 300Mbps WiFi Nplify, Bluetooth 4.0
- FullHD 1080p vefmyndavél að framan
- Windows 8.1 og 1 ár af Office 365

59.900

FARTÖLVA OG SPJALDTÖLVA!

1920x1080 FHD
ANTI-GLARE SKJÁR MED BLUELIGHT SHIELD!

NY VAR AB LENDA!

acer

E5-573G

53BV

acer

E5-573G

- Intel Core i5-5200U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
- 2GB GeForce GT 940M leikjaskjákort
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.1, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Ready!

149.900

NÝ KYNSLÓÐ FARTÖLVA!)

1920x1080 FHD
ANTI-GLARE SKJÁR MED 178° SJÓNARHOORN!

NY VAR AB LENDA!

BAKLÝST LYKLABORÐ Í FULLRI STÆÐ

acer

V3-574G

51K9

acer

V3-574G

- Intel Core i5-5200U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD SATA3 ofur hraður diskur
- 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
- 4GB GeForce GT 940M leikjaskjákort
- 2.0 Dolby Home Theater hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Ready!

179.900

LÚXUS LÍNA ACER!

FULL HD IPS
1920x1080 SKJÁR MED 178° SJÓNARHOORN!

NY VAR AB LENDA!

acer

NITRO

DRAUMAFARTÖLVA FRÁ ACER

Örþunn og glæsileg fartölva úr úrvalsdeild Acer með Soft-touch metal finish, Full HD IPS skjá, ofur öflugum leikjaskjáorti og Dolby 4.0 hljóðkerfi.

- Intel Core i5-5200U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FULL HD 1920x1080 IPS skjár
- 4GB GeForce GTX 950M leikjaskjákort
- 4.0 Dolby Digital Plus Surround hljóðkerfi
- 300Mbps WiFi AC, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Ready!

199.900

NÝ SENDING ENN ÖFLUGRI!

NITRO

DRAUMAFARTÖLVA FRÁ ACER

Örþunn og glæsileg fartölva úr úrvalsdeild Acer með Soft-touch metal finish, Full HD IPS skjá, ofur öflugum leikjaskjáorti og Dolby 4.0 hljóðkerfi.

- Intel Core i5-5200U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FULL HD 1920x1080 IPS skjár
- 4GB GeForce GTX 950M leikjaskjákort
- 4.0 Dolby Digital Plus Surround hljóðkerfi
- 300Mbps WiFi AC, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Ready!

199.900

NÝ SENDING ENN ÖFLUGRI!

ACER EXTENSA

15.6" fartölva með Intel Dual Core örgjörva, 4GB minni, 500GB disk og Windows 8.1

EX-2509

49.900

acer

15.6" ACER EXTENSA

ARCTIC S113

9.990

4 LITIR

acer

PRÁÐLAUS HÁTALARI

KOSS HEYRNARTÖL

HEYRNARTÖL SEM ÞÁK HEYRIR BEDIÐ EFTIR EÐU LEITI FRÁÐER HEYRNARTÖL MED KRISTALZERUM HLÓMI! HEARING IS BELIEVING!

PORTA PRO CLASSIC

9.990

KOSS

HEARING IS BELIEVING!

VERÐ FRÁ: 4.990

WENGER

HÁGÆÐA TÖSKUR

OPNUNARTÍMAR


Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00



TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900






Nú er Epal 40 ára og við ætlum að fagna því í heilt ár - því allt er fertugum fært. Gleðin er byrjuð og heldur áfram með skemmtilegum og áhugaverðum upptökum í hverjum mánuði afmælisárið á enda. Fylgstu með og fagnaðu með. Við hlökkum til að sjá þig!

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / 5687733 / www.epal.is

Afmælishátíðin er hafin í Skeifunni 6!



Sérstök afmælisútgáfa af Vaðfugli
eftir Sigurjón Pálsson.



Plakatasýning
þar sem 12 hönnuðir og listamenn sem tengjast Epal sýna hvernig þeir sjá okkur fyrir sér í framtíðinni.




Lúxus

*Saltkaramellu
ispinni*



ENN MEIRI LÚXUS

Nýjasti meðlimur Lúxus-fjölskyldunnar er ljúffengur ispinni með seigri saltkaramellu sem við þróuðum í samstarfi við Norðursalt. Þjóðum hann hjartanlega velkominn!



Saltvinnsla Norður & Co. er náttúruvæn og byggist á nýtingu jarðvarma. Þessi sjálfbæra framleiðsla skilur ekki eftir sig koltvísýring heldur aðeins hreina afurð – ferskar og stökkar sjávarsaltflögur.

BESTI BITINN Í BÆNUM



Mér finnst Skúrinn á Snæfellsnesi æðislegur, ég gerði mér sérstaka ferð í Stykkishólminn til að smakka.

Sýlvía Briem Friðjónsdóttir, bloggari á Femme.is og Dale Carnegie-þjálfari

Stærstu tónleikar Úlfs Úlfs til þessa í kvöld

Rappsveitin Úlfur Úlfur heldur útgáfutónleika fyrir nýju plötuna sína Tvær plánetur í Gamla bíói.

Hljómsveitin Úlfur Úlfur heldur útgáfutónleika fyrir plötuna Tvær plánetur sem kom út í seinasta mánuði. Platan hefur vægast sagt slegið í gegn en ásamt því að hafa rokselst í verslunum hafa löggin verið spiluð yfir 100.000 sinnum á Spotify. „Okkur var ráðið frá því að setja plötuna á Spotify svona stuttu eftir útgáfu, það mundi koma niður á sölu. En við teljum okkur græða á því að hafa hana þar. Þá getur hver sem er hlustað á hana hvar og hvenær sem er og þetta hefur alls ekki

komið niður á sölu á plötunni,“ segir Arnar Freyr Frostason, meðlimur sveitarinnar, en með honum er Helgi Sæmundur Guðmundsson.

Það er allt tilbúið fyrir tónleika kvöldsins en þetta verða stærstu tónleikar sem Arnar og Helgi hafa haldið hingað til. „Þetta er allt að smella saman hjá okkur. Við gáfum okkur nægan tíma eftir útgáfu plötunnar enda eru þetta langstærstu tónleikarnir okkar. Það er bara tvisvar á ævinni sem maður leggur svona mikið í tónleika. GKR, sem

er ungur íslenskur rappari sem ég peppa, hitar upp fyrir okkur. Svo verðum við með lifandi hljómsveit og bakraddir. Þetta verður klikkað.“

Úlfur Úlfur hefur starfað frá árinu 2010 en þó unnið saman að tónlist í allt að 14 ár. Mikill uppgangur hefur verið í íslenskri rapp-tónlist seinustu ár og Úlfur Úlfur er stór ástæða fyrir því enda afar vinsæl hér á landi.

Tónleikarnir verða í Gamla bíói, húsið verður opnað klukkan níu í kvöld.



ÚLFUR ÚLFUR Arnar Freyr og Helgi Sæmundur stíga á svið með hljómsveit í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Femarelle®

Náttúruleg lausn við áhrifum tíðahvarfa

„Femarelle er algjört undraefni fyrir mig“



-Soffía Káradóttir



- Staðfest með rannsóknum sl. 14 ára - vinnur á einkennum tíðahvarfa kvenna.
- Inniheldur staðlað tofu extract, ekki erfðabreytt (GMO frítt)
- Náttúruleg lausn fyrir konur án hormóna.



INNÞÖKKUN Búið er að setja svört tjöld fyrir hluta hússins til þess að fá fram alvöru vetrarmyrkur inni í húsinu. Leikarinn Þróstur Leó hefur búið í húsinu ásamt fjölskyldu sinni undanfarin ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Pökkuðu heilu húsi inn í vetrarmyrkur

Tökur eru hafnar á nýjustu mynd Óskars Jónassonar sem heitir Fyrir framan annað fólk. Búið er að klæða heilt húsi í svart til að ná fram alvöru vetrarmyrki.

Tökur eru hafnar á nýjustu kvikmynd Óskars Jónassonar sem heitir Fyrir framan annað fólk. Myndin er jafnframt fyrsta íslenska kvikmyndin sem Truenorth framleiðir og með helstu hlutverk fara Snorri Engilbertsson, Hafdís Helga Helgadóttir, Svandís Dóra Einarsdóttir og Hilmir Snær Guðnason.

„Myndin spannar heilt ár, við byrjuðum tökur í mars og skutum þá nokkra vetrartökudaga og svo tókum við nokkra tökudaga í vor. Nú eru samt aðaltökudagarnir, það er sumarblær yfir myndinni. Við munum svo skjóta aftur í október,“ segir Óskar, leikstjóri myndarinnar. Hann er jafnframt höfundur hennar ásamt Kristjáni Þórði Hrafnssyni leikskáldi.

Tökurnar fara að mestu leyti fram í Reykjavík og fær borgin að njóta sín. Þá hafa aðstandendur myndarinnar lagt undir sig hús eitt í Vesturbænum og klætt það í svart. „Um þessar mundir höfum við pakkað einu húsi inn í svört tjöld til þess að fá vetrarmyrkur og nótt. Þessa dagana vinnum við alla daga í myrkrinu, það er þínu spes,“ segir Óskar léttur í lundu.

Leikarinn Þróstur Leó Gunnarsson hefur búið í húsinu umrædda undanfarin ár ásamt fjölskyldu sinni. Hann býr þar þó ekki um þessar mundir þannig að kvikmyndatakan truflar ekki íbúa hússins of mikið. „Það býr fólk á neðri hæðinni og við vinnum á efri. Við ætlum að smíða þessa íbúð í stúdíói en svo fundum við allt í einu hús sem leit út að utan eins og við vildum hafa það. Þegar við bönkuðum upp á til að biðja um leyfi fyrir því að nota það kom í ljós að við vildum nota íbúðina á

Um þessar mundir höfum við pakkað einu húsi inn í svört tjöld til að fá vetrarmyrkur og nótt. Þessa dagana vinnum við alla daga í myrkrinu, það er þínu spes.



ADALLEIKARAR Snorri Engilbertsson og Hafdís Helga Helgadóttir.

efri hæðinni líka. Hún var tóm en með búslóð, þannig að við vorum heppin, því það er heljarinnar handleggur að byggja svona leikmyndir,“ útskýrir Óskar.

Kvikmyndin er rómantísk kómedía sem fjallar um feiminn náunga sem reynir að sjarmera konu. „Hún fjallar um Húbert, grafískan auglýsingateiknara, sem er pínulítið félagsfælinn, og hann lendir í því að verða yfir sig ástfanginn af stúlku, í fyrsta sinn. Hann áttar sig á því að hann kann ekkert í þeim fræðum að nálgast hitt kynið. Yfirmaður hans er hins vegar kvennabósi og reynir Húbert að herma eftir honum og það virkar og þau fara að deita. Húbert er svo himinlifandi með að hafa fattað sinn nýja hæfileika, að herma eftir fólk, að hann fer að færa sig upp á skaftið í eftirhermunum og fer að kryfja þennan hæfileika,“ segir Óskar um myndina.

Hann hefur að undanfögnu lítið unnið að myndum sem þessum. „Þetta er annað andrúmsloft en í öðru sem ég hef verið að gera, eins og Pressu, Svörtum englum og Reykjavík Rotterdam til dæmis. Það var komin mikil þrá hjá mér til að fjalla um fólk sem er manni næst. Það kveikir í manni að fá að



SPEKINGSLEGUR Óskar Jónasson, leikstjóri og höfundur, einbeittur á tökustað.

kljást við þetta, þessar daglegu litlu uppákomur, það sem maður þekkir. Maður skynjar svo mikið hvað fólk gengur til. Það er ekki eins og dramatíkin sé bara á Litla-Hrauni eða á lögreglustöðinni, hún getur líka verið innan veggja heimilisins.“

Kristinn Þórðarson og Leifur B. Dagfinnsson hjá Truenorth framleiða myndina en fyrirtækið hefur undanfarin ár mikið unnið í erlendum verkefnum. „Það er frábært að vinna með þeim. Flest þessi stóru erlendu verkefni hafa farið í gegnum þá. Samstarfið hefur gengið mjög vel,“ segir Óskar spurður út í samstarfið.

Hann gerir ráð fyrir að tókum á myndinni ljúki í október og að hún verði frumsýnd í febrúar.

gunnarleo@frettabladid.is

KFC

OREO KRUSHER



© 2021 KFC. WML1374

Lion Bar



Súkkuberja



Myntulaði



**SVOOO
GOTT**



Litill
349 KR.

Stór
499 KR.

2fyrirl

Virka daga
kl. 14–17



BAKPANKAR

Atla Fannars
Bjarkasonar

Kæran mín, druslan


Kærustunni minni var nauðgað áður en við kynntumst. Þessi ómurlégi atburður hefur haft mikil áhrif á hana en ég dáist að styrk hennar, enda skilja stór áföll eftir sig djúp sár sem gróa mishratt og fólki ferst misvel að ná bata.

ÞVÍ MIÐUR virðist réttarkerfið hannað til að þagga niður í fórnarlömbum kynferðisofbeldis. Allt of oft heyrum við af brotaþolum segja frá lögmönnum og lögreglu-fólki sem hvöttu þau beinlínis til að leita ekki réttar síns. Lögmáður kærustunnar minnar er einn af þeim en hún hlustaði ekki og kærði nauðgarann. Hann var hins vegar ekki ákærður fyrir ofbeldið og hefur því af fullkomnu ábyrgðarleysi aðeins þurft að takast á við eigin samvisku síðustu ár.

ÉG VORKENNI þessum náunga jafn mikið og ég dáist að styrk kærustunnar minnar – ekki rugla því saman við samúð því hana fær hann ekki. Það getur ekki verið auðvelt að vera svona hræðileg manneskja. Hann er nefnilega ekki skrímsli heldur maður sem fer út í búð og skoðar fréttir á netinu eins og við hin. Á hverjum morgni neyðist hann hins vegar til að horfast í augu við sína eigin sorglegu spegilmynd. Verði honum að því og megi hann éta skít.

ÉG ÁTTA mig á þversögninni sem felst í því að svara ofbeldi með meira ofbeldi. Ég er hins vegar ekki vandaðri maður en svo, eða kannski svo kjánalega ástfanginn, að ég get ekki lofað að fara að ráðum lögmanna og láta kyrrt liggja ef ég rekst á hann á fórnunum vegi. Ef svo ólíklega vill til að hann sé að lesa þetta, þá vil ég hvetja hann til að fara niður á lögreglustöð við Hverfisgötu og kæra þetta sem hótun. Þá myndi réttarkerfið sem verndaði hann svo samviskulega sjá til þess að allir fengju að vita hvaða mann hann hefur að geyma.

DRUSLUGANGAN leggur af stað frá Hallgrímskirkju klukkan 14 á laugardaginn. Ég mæti með kærustunni minni en geng fyrir ykkur öll. Sjáumst.



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur kvenna á töluþlað, 18-49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan. – mar. 2015



Allt sem þú þarft ...



Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



Rýming! 70- 80% afsláttur af öllum vörum

Barnafatnaður frá

ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

